

ÁVARP FORMANNS

Enn eitt starfsárið er nú liðið og sem fyrr vex umfang starfsemi KSÍ. Knattspyrna er áfram lang vinsælasta íþróttgrein á Íslandi. Það er ánægjulegt að sjá að aldrei hafa fleiri lið tekið þátt í mótum á vegum KSÍ og leikir hafa aldrei verið fleiri. Þetta er besta staðfesting á öflugum starfi knattspyrnufélaganna vítt og breitt um landið.

Af vettvangi félagsliða ber hæst glæsilegur sigur FH í Landsbankadeild karla og Breiðabliks í Landsbankadeild kvenna. Kvennalið Vals náði frábærum árangri í Evrópukeppni félagsliða kvenna og komst í 8-liða úrslit. Frábær vitnisburður fyrir íslenska kvennaknattspyrnu.

Af vettvangi landsliða ber hæst góð byrjun kvennalandsliðsins í undankeppni HM 2007, en árangur karlalandsliðsins í undankeppni HM 2006 olli dyggum stuðningsmönnum vonbrigðum.

Enn einn áfanginn vannst á árinu í uppbyggingu fræðslukerfis Knattspyrnusambandsins, þegar KSÍ-A þjálfaragráðan fékk vottun Knattspyrnusambands Evrópu sem UEFA-A gráða. Góð menntun þjálfara er og verður grundvöllur framfara í íslenskri knattspyrnu.

Á árinu hófust framkvæmdir við endurbætur á Laugardalsvelli og byggingu nýrrar aðstöðu fyrir skrifstofur og fræðslustarfsemi KSÍ. Sannarlega stór áfangi fyrir knattspyrnuhreyfinguna og grundvöllur fyrir áframhaldandi uppbyggingu íþróttarinnar.

Sparkvellir héldu áfram að rísa og eru orðnir 64. Ljóst að átakið mun halda áfram og er stefnan sett á að alls verði vellirnir orðnir 100 árið 2007.

Þá hófust framkvæmdir við eða gerðar voru áætlanir um fjölda

knattspyrnumannvirkja, bæði fyrir leikmenn og áhorfendur og ljóst að bjart er framundan á þeim vettvangi.

Mannvirkjanefnd skilaði greinargóðri skýrslu um framtíðaruppbyggingu leikvalla á Íslandi. Þessi skýrsla verður án efa lögð til grundvallar þegar ákvörðun verður tekin um lengingu keppnistímabilsins á leikvöngum félaganna. Það verður án efa stuðst við þessa skýrslu þegar leikvellir verða byggðir á komandi árum.

Rekstur Knattspyrnusambandsins gekk vel á starfsárinu og enn var góður hagnaður af rekstrinum. Góð fjárhagsstaða er sem fyrr grunnur að öflugum starfi KSÍ.

Ég þakka forystumönnum íslenskrar knattspyrnu fyrir heilladrjúg og mikilvæg störf í þágu hreyfingarinnar á liðnu starfsári. Án ykkar mikla starfs og ósérhlífni væri knattspyrnan á Íslandi ekki í því ótvíræða forystuhlutverki sem hún er í íslensku íþróttalífi.

Eggert Magnússon,
formaður KSÍ



ÁR VAXTAR OG UPPBYGGINGAR

Ársskýrsla KSÍ fyrir starfsárið 2005 er gefin út með sama sniði og undanfarin ár. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru um ýmis mál tengd mótum félagsliða og landsliða, mannvirkjamál, fræðslu- og útbreiðslumál, fjármál og margt fleira. Aftast í skýrslunni er svo að finna ársreikning sambandsins.

Eins og áður fylgir þessu riti ítarleg fylgiskýrsla sem inniheldur m.a. skýrslur nefnda sambandsins. Úrslit leikja í mótum á vegum KSÍ er ekki

að finna í fylgiskýrslunni, heldur er haldið áfram samstarfi við bókaútgáfuna Tind um að birta úrslit allra leikja í öllum mótum í bókinni *Íslensk knattspyrna* eftir Víði Sigurðsson. KSÍ hefur sent aðildarfélögum sínum eintak af bókinni.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

59. ársþing KSÍ var haldið á Hótel Loftleiðum 12. febrúar 2005. Engar breytingar urðu á stjórn KSÍ og var hún þannig skipuð að loknu ársþingi:

Eggert Magnússon, formaður
Halldór B. Jónsson, varaformaður
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson, ritari
Ágúst Ingi Jónsson
Ástráður Gunnarsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Lúðvík S. Georgsson

Varamenn voru Jóhannes Ólafsson, Kjartan Danielsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Ómar Bragi Stefánsson (Norðurland), Guðmundur Ingvarsson (Austurland) og Einar Friðþjófsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 12 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

Starfsmenn skrifstofu KSÍ voru:
Geir Þorsteinsson, framkvæmdastj.
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Eyjólfur Sverrisson, sparkvallamál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Halldór Örn Þorsteinsson, mótamál
Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smáráson, leyfisstjóri
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Sigríður Sigurðardóttir, ræstítæknir
Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustj.

AUKNAR KRÖFUR – AUKIN ÞJÓNUSTA

Með hverju árinu sem líður fjölgar verkefnum hjá skrifstofu KSÍ. Iðkendum, mótum og skyldum fjölgar stöðugt og um leið aukast óhjákvæmilega kröfur um aukna og bættu þjónustu skrifstofunnar við aðildarfélögin og aðra tengda aðila. Vegna þessa stöðugt aukna umfangs er nauðsynlegt að bæta aðstöðu skrifstofunnar til muna, enda er núverandi aðstaða einfaldlega ekki fullnægjandi. Ný aðstaða fyrir skrifstofu KSÍ og fræðslusetur, sem rísa mun á árinu, mun gjörbylta starfsemi og gera KSÍ kleift að færa enn frekar út kvíarnar hvað þjónustu varðar.

Síðastliðið sumar var ákveðið að bæta við tveimur sumarstarfsmönnum í síðdegis- og kvöldvinnu í mótadeild KSÍ og reyndist sú ákvörðun vel. Þessir tveir starfsmenn skiptu með sér vöktum og var hlutverk þeirra m.a. að fylgja því eftir að úrslit leikja í öllum mótum væru skráð inn í gagnagrunn KSÍ innan tilskilins tíma, auk þess sem þau aðstoðuðu við skráningu á leikskýrslum.

Í ljósi ofangreinds er ánægjulegt að umfangsmiklar framkvæmdir við Laugardalsvöll hófust á árinu, sem og aðstöðu KSÍ.

FRAMKVÆMDIR VIÐ LAUGARDALSVÖLL HAFNAR

Umfangsmiklar framkvæmdir við Laugardalsvöll hófust á árinu og munu þær stórlega bæta aðstöðu áhorfenda við völlinn, sem og aðstöðu KSÍ. Þær framkvæmdir sem um ræðir eru stækkun og endurbætur á eldri stúku Laugardalsvallar og uppbygging skrifstofuaðstöðu og fræðsluseturs KSÍ.

Stúkan verður lengd til norðurs og suðurs auk þess sem hún verður

byggð niður að hlaupabraut. Nýtt þak verður síðan byggt yfir alla stúkuna. Fullgerð mun stúkan rúma um 6.500 sæti og völlurinn alls um 10.000 manns í sæti.

Við stúkuna, til vesturs, mun rísa ný bygging sem hýsir skrifstofu KSÍ og fræðslusetur. Þessi bygging verður einnig þjónustubygging fyrir stúkuna og leikvanginn í heild. Þjónustusvæði áhorfenda verður endurbætt og stækkað.

Samið hefur verið við Ístak hf. um framkvæmdirnar og er áætlað að vinnu við aðstöðu áhorfenda ljúki fyrirpart sumars, en að skrifstofubyggingin verði fullbúin undir lok ársins.

STEFNAN SETT Á 100 SPARKVELLI ÁRIÐ 2007

Sparkvallaátak KSÍ hefur nú staðið í tvö ár og er án vafa um að ræða eitthvert umfangsmesta útbreiðsluverkefni sem KSÍ hefur nokkurn tímann ráðist í. Bygðir hafa verið á sjöunda tug sparkvalla víðs vegar um landið og alls staðar sem þeir hafa risið er iðkuð á þeim knattspyrna frá morgni til kvölds. Vellirnir njóta hvarvetna mikilla vinsælda og skólasvæðin iða af lífi.

KSÍ ákvað að leita til fjárlaganefndar Alþingis um áframhaldandi styrk við átakið þar sem óskir lágu fyrir frá sveitarfélögum um byggingu fleiri valla. Fjárlaganefnd brást enn á ný vel við ósk KSÍ og hefur stefnan verið sett á að byggja um 30-40 velli á þessu og næsta ári og ná þannig 100 valla markinu árið 2007.

BYLTING Í VETRAR- ÆFINGAÐSTÖÐU

Óhætt er að segja að bylting sé að eiga sér stað í bættri æfingaaðstöðu félaga yfir vetrartímum. Gervigras-

völlum hefur fjölgað verulega á undanförunum misserum og innan skamms munu fleiri knattspyrnuhús rísa. Á Akranesi er í byggingu knattspyrnuhús með keppnisvelli í fullri stærð og í Kópavogi mun rísa knattspyrnuhús sem uppfyllir allar kröfur til leikja í alþjóðlegum keppnum. Þá munu fleiri félög fylgja fordæmi FH-inga, sem tóku í notkun á starfsárinu nýtt knattspyrnuhús í Kaplakrika, *Risann*. Undirbúningur að slíku húsi er þegar hafinn í Grindavík og umræður hafa átt sér stað víðar, t.a.m. í Eyjum. Loks mun mikil uppbygging eiga sér stað á Austurlandi á næstunni, en knattspyrnuhús með keppnisvelli í fullri stærð er nú í byggingu á Reyðarfirði og undirbúningur er hafinn að gervigrasvelli í Neskaupstað.

Aðstaða á völlum félaganna heldur áfram að batna, ekki síst vegna þeirra krafna sem settar eru fram í leyfiskerfi KSÍ, en þar er m.a. kveðið á um lágmarksaðstöðu fyrir áhorfendur og fjölmiðla á leikjum í Landsbankadeild karla.

VEFUR KSÍ TILNEFNDUR TIL VERÐLAUNA

Nýr vefur KSÍ var opnaður í maí 2005 og er óhætt að segja að viðtökurnar hafi verið góðar. Vefurinn var tilnefndur til *Íslensku vefverðlaunanna* í flokknum “Besti íslenski vefurinn” ásamt fimm öðrum vefsíðum. *Íslensku vefverðlaunin* eru árlega veitt fyrir vefi sem taldir eru skara fram úr á sínu sviði. Tekið er á móti tilnefningum almennings á vefnum og valnefnd er skipuð fimm fulltrúum. Valnefndin fer yfir tilnefningarnar og velur úr þá vefi sem hún telur besta. Tilnefning þessi er gríðarleg viðurkenning fyrr þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í hönnun og uppbyggingu nýja vefsins, enda gegnir hann veigamiklu hlutverki í upplýsingaflæði til aðildarfélaga, fjölmiðla og almennings.

ÍSLANDSMEISTARAR MEÐ YFIRBURÐUM

FH-ingar endurtóku leikinn frá 2004 og hömpuðu öðrum Íslandsmeistaratitlinum í röð með því að sigra í Landsbankadeild karla, að þessu sinni með miklum yfirburðum. Titillinn 2005 var jafnframt annar Íslandsmeistaratitill félagsins í meistaraflokki karla frá upphafi.

Þá varð Valur VISA-bikarmeistari karla, fyrsti stóri titill félagsins í karlaflokki síðan 1992.

Breiðablik bar höfuð og herðar yfir önnur lið í Landsbankadeild kvenna og tapaði aðeins tveimur stigum allt keppnistímabilið. Markalaust jafntefli í 11. umferð deildarinnar gegn KR í Frostaskjólum var eini leikurinn sem liðið vann ekki allt sumarið, enda hömpuðu Blikastúlkur einnig sigri í VISA-bikarnum.

Aftur var gerð atлага að aðsóknarmeti í Landsbankadeild karla. Ekki tókst að slá metið, en þó var aðsókn að leikjum deildarinnar 2005 sú næst besta frá upphafi. Þennan mikla knattspyrnuáhuga þarf að efla með markvissu markaðsstarfi félaganna og KSÍ, í samstarfi við fjölmiðla og samstarfsaðila. Þrátt fyrir góða aðsókn er ýmislegt sem má bæta, sérstaklega hvað varðar aðstöðu, því með betri aðstöðu fyrir áhorfendur fáum við fleira fólk á völinn og með bættri fjölmiðlaaðstöðu gerum við fulltrúum fjölmiðla auðveldara að vinna starf sitt, sem mun auka umfjöllun um leikina.

FRÁBÆR ÁRANGUR VALS Í EVROPUKEPPNI KVENNA

Valur tók þátt í Evrópukeppni félagsliða kvenna á árinu og náði einstökum árangri, komst í 8-liða úrslit, nokkuð sem engan hafði órað fyrir og hlýtur að teljast einhver

allra besti árangur íslensks félagsliðs í Evrópukeppni frá upphafi.

Valsstúlkur fóru í gegnum tvær umferðir í riðlakeppni og léku þar frábærlega gegn nokkrum af sterkustu félagsliðum kvenna í Evrópu, ef ekki í heiminum, en á meðal mótherja voru norska liðið Roa Idrettslag og Djurgården/Älvsjö frá Svíþjóð. Þýska meistarliðið Potsdam reyndist of stór biti í 8-liða úrslitum, en engu að síður er um að ræða einstakan árangur, sem vonandi verður endurtekinn fljótlega.

METFJÖLDI LIÐA OG LEIKJA Í MÓTUM

Aldrei áður hafa jafn mörg lið tekið þátt í mótum á vegum KSÍ og leikir á vegum KSÍ hafa aldrei verið fleiri en í ár. Á undanförunum árum hefur bæði liðum og leikjum fjölgað jafnt og þétt.

ÁRANGUR A-LANDSLÍÐS KARLA VONBRIGÐI

Mikil vonbrigði voru með árangur A-landsliðs karla í undankeppni HM 2006 á árinu. Liðið sótti meira en það hefur gert áður, en staðreyndin er sú að aukinn sóknarkraftur bitnaði á varnarleiknum, sem hefur hingað til verið talinn helsti styrkur íslenska landsliðsins. Liðið fékk einfaldlega alltof mörg mörk á sig. Samningar við þjálfara liðsins, þá Ásgeir Sigurvinsson og Loga Ólafsson, voru ekki endurnýjaðir. Þeim Ásgeiri og Loga eru þökkun góð störf með liðið.

Eyjólfur Sverrisson, sem stýrði vörn A-landsliðs karla um árabil sem leikmaður, var síðastliðið haust ráðinn þjálfari liðsins. Eyjólfur náði góðum árangri með U21 landsliðið og eru miklar vonir bundnar við að hann nái að fylgja þeim árangri eftir með A landsliðið.

A landslið kvenna hélt uppi merkjum Íslands á árinu og byrjaði vel í undankeppni HM 2007.

ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Samtök íþróttafréttamanna völdu Eið Smára Guðjohnsen íþróttamann ársins 2005, en þetta er annað árið í röð sem landsliðsfyrirliðinn hlýtur þennan heiður. Knattspyrnufólk skipaði 5 af 7 efstu sætunum í kjörinu, sem sýnir svart á hvítu stöðu knattspyrnu sem vinsælustu íþróttagreinir landsins.

TRAUSTUR REKSTUR

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2005 voru 462,2 milljónir króna og heildargjöld voru 435,2 milljónir. Hagnaður varð því 27 m.kr. Í ljósi þess ákvað stjórn KSÍ að greiða sérstakt framlag til aðildarfélaga af hagnaði, alls 10,7 m.kr.

Rekstur KSÍ samstæðunnar stendur sem fyrr á traustum fótum. Eigið fé hennar hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár og var í árslok 2005 197,4 milljónir króna.

•••••

MÓTIN 2005

Skipulag landsmóta í meistaraflokki var að mestu leyti með hefðbundnum hætti árið 2005. Í 3. deild karla var þó nauðsynlegt að breyta svæðaskiptingu í riðlakeppninni. Riðlar voru fjórir eins og áður, en vikið var frá hefðbundinni landslutaskiptingu.

ÍSLANDSMÓT INNANHÚSS

Íslandsmót meistaraflokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu fóru

fram í byrjun desember. Breiðablik hrósaði sigri í kvennaflokki með því að leggja Val eftir vítaspyrnukeppni í úrslitaleiknum. Keflvíkingar reyndust sterkastir í karlaflokki og lögðu KR-inga með einu marki gegn engu.

DEILDARBIKARINN

Deildarbikar karla og kvenna hófst 1996 og fór því nú fram í 10. sinn. Stjórn KSÍ tók ákvörðun um að auka umfang deildarbikarsins 2005 og var öllum þátttökuliðum í Íslandsmóti 2004 heimilud þátttaka. Þetta þýddi að leika varð í þremur deildum, bæði í karla- og kvennaflokki. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum (Boganum, Egilshöll, Fífunni og Reykjaneshöll), en leikið var að hluta til utandyra þegar fór að vora. Leikið var á aðalvelliðum á Akranesi í 8-liða úrslitum A-deildar, en þar áttust við Skagarmenn og Keflvíkingar.

KR-ingar tryggðu sér Deildarbikar-meistaratitilinn í þriðja sinn þegar þeir lögðu Þróttara í úrslitaleik A-deildar í Egilshöll, með þremur mörkum gegn tveimur. Valsstúlkur urðu Deildarbikarameistarar kvenna með öruggum 6-1 sigri á KR í úrslitaleik A-deildar á Stjörnuvelli.

HÉRAÐSMÓT

FH-ingar fögnuðu sigri í Reykjavíkurmóti mfl. karla eftir 2-1 sigur á Valsmönnum í úrslitaleik í Egilshöll. Valur varð engu að síður Reykjavíkurmeistari þar sem FH tók þátt sem gestalið. Valur varð Reykjavíkurmeistari í mfl. kvenna með miklum yfirburðum og var sigurinn tryggður með stórsigri á KR í lokaumferðinni.

Þórsarar höfnuðu í efsta sæti Norðurlandsmóts Powerade, sem nú fór fram í 3. sinn. Efsta sætið

var tryggt með eins marks sigri á KA, en Þór vann einnig mótið árið 2003. Allir leikir mótsins fóru fram í knattspyrnuhúsinu Boganum á Akureyri.

Breiðablik fagnaði sigri í Faxaflóamóti mfl. kvenna, sem nú fór fram í fyrsta sinn. Sjö lið tóku þátt í mótinu og var leikin einföld umferð.

MINNINGARMÓT UM ÞÓRI JÓNSSON

Sérstakt minningarmót um Þóri Jónsson, forystumann úr FH, var haldið í Portúgal með þátttöku fjögurra íslenskra karlaliða. Liðin sem tóku þátt voru Valur, FH, ÍBV og Grindavík. Valur lagði FH í úrslitaleik mótsins með einu marki gegn engu, en Þórir lék einmitt með þessum tveimur félögum á sínum tíma.

ATLANTIC-BIKARINN ENDURHEIMTUR

FH-ingar endurheimtu Atlantic-bikarinn til Íslands úr höndum Færeyinga þegar þeir lögðu HB örugglega í Egilshöll með fjórum mörkum gegn einu. HB varð fyrsta færeyska liðið til að vinna bikarinn árið á undan með því að vinna sigur á KR-ingum. Keppnin, sem er árleg viðureign Íslandsmeistara og Færeyjameistara, er samstarfsverkefni milli knattspyrnusambanda Íslands og Færeyja, með stuðningi opinberra aðila.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarameistara, fór nú fram í þriðja sinn frá því hún var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998.

Í meistarakeppni karla unnu Íslandsmeistarar FH bikarameistara Keflavíkur með tveimur mörkum gegn engu, en leikurinn fór fram á aðalvelliðum í Kaplakrika

Valur mætti ÍBV í meistarakeppni kvenna í Egilshöll og var það leikur kattarins að músinni, enda skoruðu Íslandsmeistarar Vals 10 mörk gegn engu marki bikarameistara ÍBV. Þetta er lang stærsti sigur liðs í meistarakeppni kvenna.

ÍSLANDSMEISTURUNUM SPÁÐ TOPPSÆTINU

Á hinum árlega kynningarfundum Landsbankadeildar karla, sem fram fór í Smáralind, spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Íslandsmeisturum FH var spáð sigri í mótinu, en KR-ingar voru ekki langt undan. ÍBV og Grindavík var spáð falli, en Þrótturum og Frömurum var einnig spáð fallbaráttu. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

| Félag | Stig |
|---------------|------|
| 1. FH | 279 |
| 2. KR | 258 |
| 3. Valur | 207 |
| 4. ÍA | 202 |
| 5. Fylkir | 193 |
| 6. Keflavík | 134 |
| 7. Fram | 117 |
| 8. Þróttur | 99 |
| 9. ÍBV | 89 |
| 10. Grindavík | 72 |

FH-INGAR MEISTARAR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Landsbankadeild karla 2005 var nokkuð ólík því sem knattspyrnuáhugafólk hefur fengið að kynna á undanförunum árum. Síðustu ár hefur það nánast verið regla að Landsbankadeildin sé spennandi allt fram í lokaumferðina, en nú varð breyting á því. Snemma varð

ljóst hvað í stefndi og lögðu FH-ingar upp í sigurgöngu sem virtist engan endi ætla að taka. Eftir fimmtán sigra í fyrstu fimmtán umferðunum var sigurganga þeirra loks stöðvuð á Akranesvelli í 16. umferð, en Íslandsmeistaratitillinn var þá þegar í höfn. Þegar upp var staðið höfðu FH-ingar unnið mótið með fáheyrðum yfirburðum og var það fyllilega verðskuldað.

Valsmenn voru þeir einu sem veittu FH einhverja keppni framan af, en fljótlega varð ljóst að sú keppni snerist eingöngu um 2. sæti deildarinnar, og náðu Valsarar að halda því þrátt fyrir harða atlögu Skagamanna.

Ein hefð hélst óbreytt frá síðustu árum – æsispennandi fallbarátta. Fyrir lokaumferðina voru þrjú lið enn í fallhættu, Fram, ÍBV og Grindavík, en Þróttarar voru þegar fallnir. Þegar upp var staðið hefðu Framarar getað tapað með þremur mörkum í lokaumferðinni og samt haldið sér uppi, en fimmta mark FH gegn einu marki Fram felldi þá bláklæddu og bjargaði jafnframt Eyjamönnum. ÍBV hélt því sæti sínu, þrátt fyrir tap gegn Fylki í lokaumferðinni, en Grindvíkingar tryggðu sæti sitt með miklum baráttusigri á nágrönnum sínum úr Keflavík.

Landsbankadeild karla – Lokastaða

| | Félag | Mörk | Stig |
|----|------------|---------|------|
| 1 | FH | 53 - 11 | 48 |
| 2 | Valur | 29 - 16 | 32 |
| 3 | ÍA | 24 - 20 | 32 |
| 4 | Keflavík | 28 - 31 | 27 |
| 5 | Fylkir | 28 - 28 | 26 |
| 6 | KR | 22 - 24 | 25 |
| 7 | Grindavík | 23 - 41 | 18 |
| 8 | ÍBV | 18 - 30 | 17 |
| 9 | Fram | 19 - 32 | 17 |
| 10 | Þróttur R. | 21 - 32 | 16 |

FRÁBÆR STEMMNING Í KRINGUM FH-INGA

FH-ingar voru vel að Íslandsmeistaratitlinum komnir, líkt og

árið á undan. Liðið hafði ótrúlega yfirburði yfir önnur lið í deildinni og lék frábæran sóknarleik með marga flinka leikmenn innanborðs. Áhorfendur flyktust á völlinn til að sjá liðið leika, hvort sem var í Kaplakrikanum eða annars staðar og veltu þar með KR úr efsta sætinu hvað varðar flesta áhorfendur á leikjum deildarinnar. Stuðningsmenn FH fjölmenntu á alla leiki, klæddust litum félagsins og sungu skemmtilega söngva til að hvetja sitt lið.

ÁHORFENDAMETID STENDUR ENN

Áfram var haldið sameiginlegu átaki félaganna í Landsbankadeild karla til að slá aðsóknarmetið í deildinni. Ekki tókst að slá metið í ár, en heildaraðsókn er þó sú næst besta frá upphafi. Meðaltal áhorfenda var 1.070 á leik, en alls komu 96.332 áhorfendur á leikina 90. Áhorfendametið var sett árið 2001, þegar 96.854 komu á leikina, eða 1.076 að meðaltali. Aðeins vantaði því rúmlega 500 manns í heild til að slá metið sumarið 2005.

Fimm félög fengu yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali á heimalleiki sína og fóru Íslandsmeistarar FH þar fremstir í flokki með 1.973 að meðaltali. Flestir áhorfendur voru á leik FH og Vals á Kaplakrikavelli í 15. umferð, 3.682 samtals, sem er met í Kaplakrika. Þess má geta að fleiri en 2.000 áhorfendur sóttu tvo aðra leiki í Kaplakrika. FH-ingar voru einnig duglegastir við að fylgja liði sínu til leiks á útivelli, 1.588 að meðaltali, og voru fjölmennir á leik meistaranna gegn Val að Hlíðarenda, þar sem áhorfendur voru alls 2.958. ÍBV fékk hins vegar að jafnaði fæsta áhorfendur, eða 697 að meðaltali.

VALSMENN BIKARMEISTARAR

Undanúrslitaleikir VISA-bikars karla fóru fram á Laugardalsvelli, líkt og síðustu ár. Framarar lögðu FH-inga í vítaspyrnukeppni eftir æsispennandi undanúrslitaleik. Staðan að venjulegum leiktíma og framlengingu lokinni var 2-2. Valsmenn höfðu betur gegn Fylkismönnum í hinum undanúrslitaleiknum, unnu með tveimur mörkum gegn engu.

Gömlu Reykjavíkurstórveldin, Valur og Fram, mættust því í úrslitaleik VISA-bikars á Laugardalsvelli og varð úr mikill baráttuleikur. Hlutskipti liðanna í deildinni var ólíkt, Valsmenn náðu góðum árangri og höfnuðu í 2. sæti, en Framarar voru þegar fallnir. Með sigri hefði Fram getað tryggt sér sæti í UEFA-bikarnum. Í leiknum mátti þó ekki á milli sjá hvort liðið hafði hafnað ofar í deildinni, eins og oft er með bikarleiki. Eftir gríðarlega baráttu beggja liða og færi á báða bóga náði Baldur Aðalsteinsson að tryggja Valsmönnum fyrsta stóra titil félagsins í mfl. karla síðan 1992 með eina marki leiksins snemma í fyrri hálfleik. Framarar reyndu hvað þeir gátu til að jafna metin, en allt kom fyrir ekki og Valsmenn fögnuðu að leikslökum.

MESTI ÁHORFENDAFJÖLDI Á ÚRSLITALEIK SÍÐAN 1999

Áhorfendur á úrslitaleik Fram og Vals í VISA-bikar karla voru alls 5.162. Þetta er mesti áhorfendafjöldi á úrslitaleik bikarsins síðan 1999 þegar ÍA og KR mættust og voru gestir á Laugardalsvelli þann dag alls 7.401. Aðeins 2.049 mættu á viðureign KA og Keflavíkur árið 2004, þannig að áhorfendur voru rúmlega þremur þúsundum fleiri árið 2005.

VALSSTÚLKUM SPÁÐ MEISTARATITLINUM

Á kynningarfundum Landsbankadeildar kvenna í Smáralind spáðu fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Þáverandi Íslandsmeisturur Vals var spáð efsta sætinu, en talið var að baráttan um 2. sætið stæði á milli KR og Breiðabliks. ÍA og FH var spáð neðstu sætunum. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

| Félag | Stig |
|---------------|------|
| 1. Valur | 187 |
| 2. KR | 153 |
| 3. Breiðablik | 152 |
| 4. ÍBV | 128 |
| 5. Keflavík | 73 |
| 6. Stjarnan | 72 |
| 7. ÍA | 56 |
| 8. FH | 43 |

YFIRBURÐIR BREIÐABLIKS

Það verður að segjast eins og er að Breiðablik hafði nokkra yfirburði yfir önnur lið í Landsbankadeild kvenna. Blikastúlkur fóru taplausar í gegnum mótið, líkt og Valur gerði árið á undan, gerðu aðeins eitt jafntefli, við KR í Frostaskjólum, eins og Valur árið á undan, og unnu hina leikina þrettán. Íslandsmeistaratitill Breiðabliks er sá 15. í mfl. kvenna og hefur ekkert félag hampað titlinum jafn oft.

Breiðablik tók frumkvæðið strax í byrjun móts, en Valsstúlkur fylgdu þeim eftir lengst af. Tveir sigrar Blika gegn Val í innbyrðis viðureignum liðanna gerðu í raun út um möguleika Valsstúlkna og eini leikurinn sem Breiðablik vann ekki sigur í var gegn KR í Frostaskjólum í 11. umferð. Titill Blika var fyllilega verðskuldaður, enda hefur liðið á að skipa sterkum og reynslumiklum leikmönnum í bland við unga og efnilega.

Landsbankad. kvenna - Lokastaða

| Félag | Mörk | Stig |
|--------------|---------|------|
| 1 Breiðablik | 47 - 9 | 40 |
| 2 Valur | 60 - 13 | 36 |
| 3 ÍBV | 41 - 30 | 24 |
| 4 KR | 39 - 24 | 22 |
| 5 Keflavík | 31 - 35 | 18 |
| 6 Stjarnan | 18 - 36 | 15 |
| 7 FH | 10 - 46 | 10 |
| 8 ÍA | 10 - 63 | 1 |

TVÖFALT HJÁ BLIKASTÚLKUM

Það var ekki bara í deildinni sem lið Breiðabliks vann sannfærandi sigra, heldur hampaði Kópavogslíðið einnig sigri í VISA-bikar kvenna með glæsibrag. Valsstúlkur voru lagðar að velli í undanúrslitum á sannfærandi hátt, 4-0, á meðan KR vann enn stærri sigur á Fjölni, 6-2.

Það voru því KR og Breiðablik sem léku til úrslita á Laugardalsvelli. KR byrjaði betur í leiknum og náði forystunni snemma leiks, en Breiðablik tók fljótlega öll völd á vellinum og stóð að lokum uppi sem sigurvegari með því að skora fjögur mörk, án þess að KR-ingum tækist að svara fyrir sig. Breiðablik komst þar með upp að hlið Vals í fjölda bikarmeistaratitla kvenna, en hvort félag um sig hefur unnið bikarinn 9 sinnum.

FLEIRI BEINAR ÚTSENDINGAR EN ÁÐUR

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá leikjum Landsbankadeildar karla og voru talsvert fleiri leikir sýndir beint en áður. Þó ber að geta þess að t.d. í 17. umferð var um einn aðalleik að ræða, en skipt yfir á aðra leiki eftir atvikum.

Beinar útsendingar frá LD ka.

| | |
|------|----|
| 2005 | 29 |
| 2004 | 19 |
| 2003 | 18 |
| 2002 | 19 |
| 2001 | 23 |
| 2000 | 21 |

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, eins og undanúrslitaleikir karla. Alls var því sýnt beint frá 4 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna 2005 eins og árin þrjú þar á undan, samanborið við 6 leiki 2001 og 7 leiki 2000. Samanlagt voru því 33 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu, mun fleiri en áður.

KOSNINGAR FJÖLMIÐLA

Landsbankinn og KSÍ stóðu að venju fyrir vali sérstakrar valnefndar (fjölmíðlar og aðrir) á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Landsbankadeildum karla og kvenna. Í Landsbankadeild karla var kosningunum skipt upp í þrjú tímabil, umferðir 1-6, 7-12 og 13-18, en í Landsbankadeild kvenna voru tímabilin tvö, umferðir 1-7 og 8-14. Landsbankinn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar. Þessar uppákomur vöktu jafnan mikla athygli og var vel um þær fjallað í fjölmíðlum.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna.

Allan Borgvardt, leikmaður FH, var kjörinn leikmaður ársins í Landsbankadeild karla 2005, en úrslit voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla var kjörinn Keflavíkingurinn Hörður Sveinsson. Báðir eru þeir félagar framherjar sem leiddu framlinu sinna liða með góðum árangri og glöddu áhorfendur með glæsilegum sóknartilburðum.

Valsarinn Laufey Ólafsdóttir var kjörin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna, annað árið í röð. Laufey hefur stjórnað miðjuspili Vals eins og herforingi undanfarin ár og er vel að kjörinu komin. Greta Mjöll Samúelsdóttir úr Breiðabliki þótti efnilegasti leikmaður deildarinnar. Greta Mjöll fór á kostum í framlínu Blikastúlkna og verður án vafa einn af skæðustu sóknarmönnum íslenskrar kvennaknattspyrnu innan skamms.

ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Fjölmiðlar kusu Ólaf Jóhannesson þjálfara ársins í Landsbankadeild karla, þriðja árið í röð, og Úlfar Hinriksson þjálfara ársins í Landsbankadeild kvenna. Ólafur stjórnaði liði FH til sigurs í Landsbankadeild karla annað árið í röð með glæsilegum hætti. Undir stjórn Úlfars bar lið Breiðabliks höfuð og herðar yfir önnur lið í Landsbankadeild kvenna, vann 13 leiki og gerði eitt jafntefli.

TRYGGVI OG MARGRÉT LÁRA MARKAHÆST

Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH, og Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val voru markahæstu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna 2005. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway. Margrét Lára varð þar með markahæst í deildinni annað árið í röð, en Tryggvi varð síðast markakóngur árið 1997 þegar hann lék með ÍBV og jafnaði þá markametið í deildinni, 19 mörk.

Tryggvi skoraði 16 mörk í ár og náði snemma góðu forskoti á aðra leikmenn. Félagi Tryggva í framlínu FH, Allan Borgvardt, komst næstur honum með 13 mörk, en Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson hlaut bronsskóinn með 9 mörk.

Margrét Lára hafði nokkra yfirburði í markaskorun í ár, eins og í fyrra, enda skoraði hún 23 mörk eins og árið á undan, þegar hún lék með ÍBV. Laufey Ólafsdóttir, sem lék fyrir aftan Margréti Lára á miðju Vals hlaut silfurskóinn með 12 mörk, jafn mörg og Hrefna Huld Jóhannsdóttir úr KR, en Hrefna lék einum leik fleira en Laufey og hlaut því bronsskóinn.

KRISTINN VALINN BESTI DÓMARINN Í 8. SINN

Kristinn Jakobsson var kjörinn besti dómari í Landsbankadeild karla í kjöri leikmanna. Er þetta í áttunda sinn sinn sem Kristinn hlýtur þessa útnefningu, en viðurkenningin var nú afhent í 13. sinn.

LID ÁRSINS

Að venju völdu fjölmiðlar lið ársins í Landsbankadeildum karla og kvenna. Þau voru þannig skipuð.

Karlahið ársins

Markvörður:

Daði Lárússon – FH

Varnarmenn:

Auðun Helgason – FH

Bjarni Ólafur Eiríksson – Val

Guðmundur Sævarsson – FH

Grétar S. Sigurðsson – Val

Tengiliðir:

Helgi Valur Daníelsson – Fylki

Matthías Guðmundsson – Val

Baldur I. Aðalsteinsson – Val

Viktor Bjarki Arnarsson – Fylki

Framherjar:

Allan Borgvardt – FH

Tryggvi Guðmundsson – FH

Kvinnalið ársins

Markvörður:

Þóra B. Helgadóttir – Breiðabliki

Varnarmenn:

Ásta Árnadóttir – Val

Bryndís Bjarnadóttir – Breiðabliki

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir – KR

Ólína G. Viðarsdóttir – Breiðabliki

Tengiliðir:

Edda Garðarsdóttir – Breiðabliki

Erna B. Sigurðardóttir – Breiðabliki

Hólmfríður Magnúsdóttir – ÍBV

Laufey Ólafsdóttir – Val

Framherjar:

Greta M. Samúelsd. – Breiðabliki

Margrét Lára Viðarsdóttir – Val

STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Annað árið í röð voru litríkustu stuðningsmenn félaga í Landsbankadeild karla verðlaunaðir, og annað árið í röð voru það stuðningsmenn Íslandsmeistara FH sem höfðu vinninginn. FH-ingar voru vel að viðurkenningunni komnir, enda hafa þeir stutt dyggilega við bakið á sínu liði, mætt vel á leikina og sungið hátt. Sigurverðlaunin í stuðningsmannakeppninni eru kr. 250.000, sem renna til barna- og unglíngastarfs í viðkomandi félagi.

PRÚDMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað prúðust á undangengnu tímabili.

Háttvísinefnd valdi Ágúst Gylfason, KR, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Ólínu Guðbjörgu Viðarsdóttur, Breiðabliki, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Ágúst og Ólína eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi, innan vallar sem utan.

Keflavík var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á fram-

komu liðsstjórnar og áhorfenda. Keflavík þótti einnig vera með þrúðasta liðið í Landsbankadeild kvenna, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu. Yfirlit yfir gul og rauð spjöld má sjá í fylgiskýrslu.

LANDSBANKAÐEILDIR NÆSTU FJÖGUR ÁRIN

Landsbankinn verður samstarfsaðili um efstu deild karla og kvenna í knattspyrnu til næstu fjögurra ára, eða til og með 2009, en samstarfs-samningur um slíkt var undirritaður í september. Munu deildirnar því áfram heita Landsbankadeild karla og Landsbankadeild kvenna. Þá standa yfir viðræður við VISA um áframhaldandi samstarf um bikarkeppni KSÍ.

SKIPULAG MÓTA

Skipulag landsmóta í meistara-flokki var að mestu leyti með hefðbundnum hætti árið 2005. Í 3. deild karla var þó nauðsynlegt að breyta svæðaskiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku. Riðlar voru fjórir eins og áður, en vikið var frá hefðbundinni landshlutaskiptingu. Skipulag á mótahaldi KSÍ miðast við heildarhagsmuni íslenskrar knattspyrnu. Í Landsbankadeild karla og VISA-bikar er tekið fullt tillit til A og U21 landsleikja, auk þess sem árleg þátttaka fjögurra félaga í Evrópumótum félagsliða setur mark sitt á niðurröðun leikja. Gert er ráð fyrir beinum sjónvarps-sendingum, en samningar um þær skapa verulegar tekjur. Tekið er tillit til fjármála- og félagslegra þátta, m.a. áhorfenda, keppni í öðrum deildum karla og kvenna, starfs yngri flokka í eigin félagi, margra félaga á sama svæði, samnýtingu leikvalla, ferðalaga og varadaga vegna hugsanlegra frestana. Fyrirgreind atriði setja einnig mark sitt á niðurröðun lægri

deilda karla. Í Landsbankadeild og VISA-bikar kvenna þarf að taka tillit til allra landsliða kvenna vegna lægri meðalaldurs leikmanna í meistaraflokki kvenna.

NÝ ALDURSFLOKKA-SKIPTING KVENNA

Leikið var í fyrsta skipti eftir nýrri aldursflokkaskiptingu í kvenna-flokkum og eru aldursflokkar nú þeir sömu hjá báðum kynjum. Þar með bættist við einn aldursflokkur kvenna í mótahaldi KSÍ. Breytingin gekk vel fyrir sig, en smávægileg vandræði urðu vegna úrsagna liða í 2. flokki kvenna og varð að leika í einni deild.

FLEIRI ÚRSLITAKEPPNIR

Stjórn KSÍ ákvað sem tilraun til eins árs að leikið skyldi til úrslita í fleiri mótum en áður. Var því í fyrsta sinn leikið til úrslita í B, C og D liðum, þar sem við átti, og virðist fyrirkomulagið hafa reynst ágætlega. Einhver vafamál munu hafa komið upp varðandi hlutgengis-reglur og er lögð mikil áhersla á að forráðamenn, þjálfarar og foreldrar kynni sér þær og virði.

U23 FLOKKUR KARLA

U23 keppni karla fór fram í annað sinn. Gerðar voru breytingar á hlutgengi leikmanna og var nú heimilað að nota 6 eldri leikmenn. Framkvæmd mótsins gekk þokkalega, en fresta þurfti nokkrum leikjum og var m.a. borið við manneklu. Vonir eru enn bundnar við að þetta mót nái að festast í sessi.

HVERNIG FÓR LEIKURINN?

Þessa spurningu þekkja allir sem tengjast knattspyrnunni. KSÍ hefur lagt mikla áherslu á að veita

fjölmíðlum, þátttakendum og áhugafólki um knattspyrnu sem bestar upplýsingar um úrslit leikja og móta. Leikjum fjölga og allir vilja fá að vita úrslit, hvort sem um er að ræða leik í 5. flokki eða meistaraflokki. KSÍ hefur hannað skráningarkerfi, bæði með SMS-skeytum og í gegnum vef KSÍ. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á ksi.is og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila. Sum félög standa sig afburða vel í því að veita þessa þjónustu, en alltof fá nýta sér möguleikann til fullnustu. Þó var aukning á skráningum milli ára, enda er það nú skylda aðildar-félaga að annast þessa skráningu, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

METFJÖLDI LIÐA OG METFJÖLDI LEIKJA

Aldrei áður hafa jafn mörg lið tekið þátt í mótum á vegum KSÍ og leikir á vegum KSÍ hafa aldrei verið fleiri en í ár, eða 5.120 talsins. Þeim fjölgaði um 194 frá fyrra ári og má rekja það til umfangsmeiri keppni í deildarbikar, en þó aðallega til mun fleiri leikja í yngri flokkum kvenna, þar sem nýr aldursflokkur kvenna bættist við vegna breyttrar aldurs-flokkaskiptingar.

Fjöldi liða í mótum síðustu 10 ár

| Ár | Karlalið | Kvinnalið | Alls |
|------|----------|-----------|------|
| 2005 | 564 | 264 | 828 |
| 2004 | 575 | 224 | 799 |
| 2003 | 554 | 183 | 737 |
| 2002 | 550 | 171 | 721 |
| 2001 | 508 | 177 | 685 |
| 2000 | 437 | 155 | 592 |
| 1999 | 454 | 151 | 605 |
| 1998 | 432 | 134 | 566 |
| 1997 | 437 | 145 | 582 |
| 1996 | 458 | 151 | 609 |

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

Frá árinu 1998 hefur KSÍ annast skipulagningu á mótum KRR í Reykjavík, og frá 2002 hefur KSÍ

einnig skipulagt Faxaflóamót. Sérstakur starfsmaður sér um þessi mót, enda umfang þeirra gríðarlegt. Fjöldi leikja í KRR mótum 2005 var 2.105, en 1.016 í Faxaflóamótum. Héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ með sama hætti og KRR og Faxaflóafélagin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

NÝJAR REGLUR UM LYFJAMÁL

Á síðasta ári voru kynntar nýjar reglur varðandi lyfjamál hjá ÍSÍ og UEFA. Helstu breytingar eru þær að nú þurfa allir leikmenn innan knattspyrnuhreyfingarinnar að sækja um undanþágu fyrir efni sem þeir nota af læknisfræðilegum ástæðum og eru á bannlista WADA. ÍSÍ hefur fjölgað lyfjaprófum verulega og eru þau nú tekin allt árið um kring, hvort sem er um að ræða í keppni eða við æfingar.

25 ÁR Í AGANEFND

Ásgeir Ármannsson náði þeim áfanga á árinu að hafa starfað í aganefnd KSÍ í 25 ár, en hann byrjaði í nefndinni árið 1981. Á þeim tíma voru allar færslur aganefndar handskrifaðar í bók og ekkert mótakerfi til umráða.

SPRENGJA Í FJÖLGUN ERLENDRA LEIKMANNA

Á síðasta ári varð algjör sprenging í fjölgun erlendra leikmanna hér á landi. Alls léku 148 erlendir leikmenn í deildarkeppni karla og kvenna 2005, samanborið við 102 árið á undan og 74 árið þar á undan. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

| Ár | Fjöldi |
|------|--------|
| 2005 | 148 |
| 2004 | 102 |
| 2003 | 74 |
| 2002 | 70 |
| 2001 | 93 |
| 2000 | 89 |
| 1999 | 82 |
| 1998 | 65 |

Fjölgun varð á erlendum leikmönnum í öllum deildum karla og kvenna og má sjá breytinguna í töflunni hér að neðan.

| Deild | Fjöldi 2005 | Fjöldi 2004 |
|-----------------|-------------|-------------|
| LD karla | 37 | 28 |
| 1. deild karla | 30 | 19 |
| 2. deild karla | 18 | 14 |
| 3. deild karla | 30 | 25 |
| LD kvenna | 22 | 13 |
| 1. deild kvenna | 11 | 3 |

Alls voru 26 af 30 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 10 félaga í 3. deild. Í Landsbankadeild karla komu flestir erlendir leikmenn við sögu hjá ÍBV, eða 7, en Valur var eina liðið í deildinni sem ekki var með erlendan leikmann.

Sex af átta félögum í Landsbankadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, þar af ÍBV með flesta, eða 6.

NÝ REGLUGERÐ FIFA UM FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA

Hinn 1. júlí síðastliðinn tók gildi ný reglugerð FIFA um félagaskipti leikmanna. Þar koma fram nokkur ákvæði sem öll knattspyrnusambönd eru skyldug til að innleiða. Af þeim sökum er ljóst að nauðsynlegt er að gera breytingar á reglugerðum KSÍ um samninga og félagaskipti leikmanna, eigi síðar en 1. júlí 2007.

SKRÁÐUM SAMNINGUM FJÖLGAR MILLI ÁRA

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Landsbanka-

deild karla var 168, sem er talsverð aukning frá árunum á undan. Árið 1999 var 151 samningur skráður hjá félögum í deildinni, en fjöldinn féll nokkuð árin á eftir og hélst stöðugur þar til nú.

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Mikið er um að skrifstofu KSÍ berist óformlegar kvartanir um að fulltrúar félaga hafi haft samband við samningsbundna leikmenn í öðrum félögum og er því oft borið við að aðilar viti ekki að viðkomandi leikmaður sé á samningi. Aðgengi að slíkum upplýsingum er einfalt þar sem skrifstofa KSÍ veitir nauðsynlegar upplýsingar og á vef KSÍ er að finna lista yfir samningsbundna leikmenn.

Fimm mál voru tekin formlega fyrir hjá samninga- og félagaskiptanefnd á árinu. Víkingur R. gegn Leikni R., Þór gegn Keflavík og ÍBV gegn Val, öll vegna meintra brota á reglugerð. Völsungur gegn Þór vegna ágreinings um félagaskipti leikmanns og Brian O'Callaghan gegn Keflavík, en leikmaðurinn vildi ógilda samning sinn við félagið. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu. Ýmis önnur mál voru ekki tekin til afgreiðslu þar sem sættir náðust milli aðila áður en til formlegrar afgreiðslu kom.

FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta á árinu var 1.427, sem er fjölgun um 181 frá fyrra ári. Að hluta til má skýra fjölgunina með tilkomu nýrra liða í deildakeppni, en þá þarf að byrja á því að skipta leikmönnum í viðkomandi lið. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Á Íslandi hafa þrjár aðilar réttindi til að starfa sem umboðsmenn leikmanna, eða "KSÍ-umboðsmenn". Aðilar sem vilja starfa sem umboðsmenn leikmanna þurfa að standast skriflegt próf, auk þess sem þeir þurfa að verða sér úti um tryggingar og undirrita sérstaka yfirlýsingu um framkomu, skv. reglugerð um umboðsmenn leikmanna. Enginn nýr umboðsmaður fékk réttindi á árinu, en Eyjólfur Bergþórsson, sem starfað hefur sem umboðsmaður leikmanna, lét af þeim störfum á árinu, þannig að KSÍ-umboðsmönnum fækkaði um einn. Tuttugu og sex (26) umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) voru skráðir hjá KSÍ á árinu. Eftirtaldir aðilar hafa nú réttindi til að starfa sem KSÍ umboðsmenn: Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Tómasson og Ólafur Garðarsson.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla

| | |
|-----------|-------------|
| 24 sinnum | KR |
| 19 sinnum | Valur |
| 18 sinnum | Fram,ÍA |
| 5 sinnum | Víkingur R. |
| 4 sinnum | Keflavík |
| 3 sinnum | ÍBV |
| 2 sinnum | FH |
| 1 sinni | KA |

Bikarmeistarar karla

| | |
|-----------|------------------|
| 10 sinnum | KR |
| 9 sinnum | ÍA, Valur |
| 7 sinnum | Fram |
| 4 sinnum | ÍBV |
| 3 sinnum | Keflavík |
| 2 sinnum | Fylkir |
| 1 sinni | ÍBA, Víkingur R. |

Íslandsmeistarar kvenna

| | |
|-----------|------------|
| 15 sinnum | Breiðablik |
| 6 sinnum | KR |
| 5 sinnum | Valur |
| 4 sinnum | FH |
| 3 sinnum | ÍA |
| 1 sinni | Ármann |

Bikarmeistarar kvenna

| | |
|----------|-------------------|
| 9 sinnum | Valur, Breiðablik |
| 4 sinnum | ÍA |
| 2 sinnum | KR |
| 1 sinni | ÍBV |

DÓMARAMÁL

BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Eyjólfur Magnús Kristinsson bættist í A-hóp dómara 2005. Gunnar Sverrir Gunnarsson varð nýr A-aðstoðardómari og kom í stað Guðmundar H. Jónssonar sem lét af störfum. Rúnar Steingrímsson hækkaði í B-hóp dómara að nýju, en Örn Bjarnason hafði látið af störfum. Jóhann Gunnarsson og Oddbergur Eiríksson urðu B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar urðu Ásgrímur H Einarsson, Egill A. Sigurþórsson, Frosti V. Gunnarsson, Garðar Hauksson og Hjalti Einarsson.

Í árslok 2005 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir 2006. Einar Örn Danielsson mun bætast í A-hóp dómara. Ólafur Kjartansson, Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason færast upp í B-hóp og þangað færast einnig, að eigin ósk, úr A-hópi Bragi Bergmann og Gylfi Þór Orrason, tveir reyndustu dómarar landsins. Nýir í C-hópi verða Eysteinn Kristinsson, Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Jóhann G. Guðmundsson, Magnús Jón Björgvinsson og Sigurður Þór Þórsson (að nýju), en Halldór Breiðfjörð, Halldór Ingi Steinsson og Hjalti Einarsson verða D-dómarar.

ÆFINGAFERÐIR

Átta dómarar fóru til Portúgals í lok mars og byrjun apríl í samstarfi við Úrval-Útsýn, til að dæma æfingaleiki íslenskra félagsliða.

LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA OG AÐRIR FUNDIR

Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var

þriðja sinni haldin á Selfossi. Erlendur fyrirlesari var Ray Olivier frá Englandi, sem er virkur dómari í þremur næst efstu deildum þar í landi, auk þess að starfa við fræðslumál dómara á vegum enska sambandsins.

Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ-dómara voru haldnir að vori í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði. Hæfileikamótun þriggja ungra dómara fór fram að Laugarvatni í ágúst.

NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómaraskipti hófust á árinu í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu ungra og efnilegra dómara. Magnús Þórisson dæmdi tvo leiki í næst efstu deildum í Danmörku og Svíþjóð. Ken Henry Johnsen, Noregi, og Henrik Nystrup Kragh, Danmörku, dæmdu hvor sinn leikinn í 1. deild karla hér á landi. Dómaraskiptin tókust vel og líklegt að þau verði einnig árið 2006.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu alls fjóra A eða U21 landsleiki karla á árinu og voru að auki dómarar á fjölda leikja í Evrópumótum félagsliða og Evrópumótum U17 og U19 landsliða karla. Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2005 koma fram í fylgiskýrslu.

MIKILL FJÖLDI VERKEFNA Á ÁRI HVERJU

A, B og C deildardómarar sáu um 1.329 störf í meistaraflokki karla og kvenna, 687 sinnum sem dómarar og 606 sinnum sem aðstoðardómarar. Að auki koma störf sem varadómarar, alþjóðleg verkefni, leikir á vegum félaga, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, æfingaleikir og innanhússmót. Sér-

stakt yfirlit í fylgiskýrslu sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokki árið 2005.

Um 70 aðrir dómara (D-hópur) störfuðu einnig við meistara-flokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómara í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómara í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Þess ber að geta að D-dómara sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innan-hússmótum.

KRÖFUR TIL DÓMARA

Deildardómara gangast undir þrek-próf að minnsta kosti tvisvar á ári og er ekki raðað til frekari starfa fyrir en seinna þrekprófi er lokið (oftast í apríl). Kröfur til A-dómara voru auknar á árinu til samræmis við kröfur FIFA til milliríkja-dómara. Kunnátta dómara er könnuð í knattspyrnulögunum, annað hvort með heimaverkefnum eða skriflegu prófi á ráðstefnu.

Þrekpróf dómara

- 12 mínútna hlaup, lágmarksvegalengd 2.600 metrar (2700 hjá A-hóp).
- 2x50 metra hlaup, hámarkstími 7,5 sekúndur.
- 2x200 metra hlaup, hámarkstími 35 sekúndur.

FIFA hefur nú ákveðið að taka upp nýtt fyrirkomulag á þrekprófum, sem taka skal gildi hjá aðildar-samböndum eigi síðar en 2007.

EFTIRLITSMENN

Alls starfaði 41 eftirlitsmaður við 334 leiki í landsdeildum og bikar-keppni á árinu. Eftirlitsmenn gerðu skýrslur um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi

í Landsbankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir verðandi dómara voru haldin með aðstoð veraldar-vefsins. Þátttakendur fengu leið-beiningar um lestrarefni á vef KSÍ, auk heimaverkefna, og að lokum voru tvær stundir með kennara og lokapróf. Námskeið þessi voru í febrúar, maí og nóvember. Til viðbótar útskrifuðu Verkmennta-skólinn á Akureyri, Fjölbrauta-skólinn á Sauðárkróki og Íþróttas-ko KHÍ unglingsdómara á árinu. Alls luku 169 dómaraefni unglings-dómaraprófi 2005.

RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ ERLENDIS

Formaður dómaranefndar tók þátt í árlegri ráðstefnu fyrir úrvalshóp danskra dómara í janúar. Fundur norrænu dómaranefndanna er haldinn annað hvert ár og var að þessu sinni í Osló í lok ágúst. Fundinn sóttu Eysteinn Guðmunds-son, Halldór B Jónsson, Ingi Jónsson og Birkir Sveinsson mótastjóri. Ingi Jónsson tók þátt í námskeiði UEFA fyrir kennara í dómarafræðum, sem fram fór í Hollandi í október.

•••••

LANDSLIÐSMÁL

NÝ UNÐANKEPPNI MEÐ NÝJUM TÆKIFÆRUM

Það verður að segjast eins og er að árangur A landsliðs karla á árinu olli miklum vonbrigðum. Liðið skoraði reyndar fleiri mörk en oft áður, en fékk alltof mörg mörk á sig á móti. Í síðustu fjórum leikjum ársins skorðu andstæðingarnir þrisvar sinnum í íslenska markið. Styrkur íslenska liðsins hefur jafnan verið skipu-lagður og agaður varnarleikur, en 27 mörk fengin á sig í undankeppni HM 2006 segir aðra sögu. Undankeppni EM 2008 hefst 2006, sem að sjálfsögðu býður liðinu upp á nýtt tækifæri til sýna sínar bestu hliðar.

A landslið kvenna hóf undankeppni HM 2007 á árinu og lofar byrjunin góðu. Íslenska liðið hefur enn einu sinni sýnt að það getur spilað frábærlega, en þarf þó að ná meiri stöðugleika til að festa sig í sessi sem eitt af 10 bestu landsliðum Evrópu.

A LANDSLIÐ KARLA

Leiknir voru þrjú vináttulandsleikir á árinu og var sá fyrsti markalaust jafntefli gegn Ítalíu í Padova í mars. Ítalska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og sóttu leikmenn þess án afláts nær allan leikinn, en vörn íslenska liðsins hélt út þrátt fyrir mikla pressu.

Annar vináttulandsleikur ársins var á Laugardalsvelli í ágúst gegn Suður-Afríku, sem er ein sterkasta knattspyrnuþjóð Afríku, og vann íslenska liðið glæsilegan 4-1 sigur.

Síðasti vináttulandsleikur ársins var gegn Pólverjum í Varsjá í október. Íslenska liðið byrjaði af krafti og skoraði snemma leiks, en Pólverjar jöfnuðu skömmu síðar. Ísland náði

forystunni fyrir leikhlé og leiddi í hálfleik, en í síðari hálfleik skoruðu heimamenn tvisvar og unnu 3-2.

Undankeppni HM 2006 sem hófst haustið 2004 hélt áfram á árinu og lék íslenska liðið sex leiki í riðlinum á árinu.

Fyrsti leikur ársins var útileikur gegn Króötum og átti íslenska liðið í vök að verjast gegn gríðarlega sterku liði Króata, sem sóttu mjög að íslenska markinu og uppskáru fjögur mörk gegn engu marki Íslands.

Í byrjun júní voru Ungverjar gestir okkar á Laugardalsvelli og unnu þeir 2-3. Íslenska liðið náði forystunni, en Ungverjar skoruðu úr tveimur vítaspyrnum áður en okkar menn jöfnuðu um miðjan síðari hálfleik. Sigurmark Ungverja kom skömmu eftir jöfnunarmark Íslands.

Fjórum dögum síðar var leikið gegn Maltverjum á Laugardalsvelli. Ísland vann með fjórum mörkum gegn einu og vann þar með sinn fyrsta og eina sigur í keppninni.

Í byrjun september voru aftur tveir leikir á dagskrá og fyrst voru Króatar mættir á Laugardalsvöllinn. Ísland skoraði eina mark fyrri hálfleiks, en Króatar sóttu grimmt í síðari hálfleik, uppskáru þrjú mörk og unnu 3-1 sigur.

Fjórum dögum síðar var leikið gegn Búlgörum í Sófíu. Tvö fyrstu mörk leiksins voru íslensk og komu á fyrsta stundarfjórðungnum, en Búlgarar minnkuðu muninn fyrir hlé. Á síðustu 20 mínútum leiksins skoruðu svo Búlgarar tvö mörk og tryggðu sér 3-2 sigur.

Síðasti leikur keppinnar var gegn Svíum í Stokkhólmi. Enn einu sinni náði íslenska liðið forystu, en Svíar svöruðu tvisvar sinnum fyrir hlé, skoruðu eina mark seinni hálfleiks og unnu 3-1 sigur.

HM 2006 - Lokastaðan

| Lið | Mörk | Stig |
|----------------|---------|------|
| 1 Króatía | 21 - 5 | 24 |
| 2 Svíþjóð | 30 - 4 | 24 |
| 3 Búlgaría | 17 - 17 | 15 |
| 4 Ungverjaland | 13 - 14 | 14 |
| 5 Ísland | 14 - 27 | 4 |
| 6 Malta | 4 - 32 | 3 |

Ákveðið var að framlengja ekki samninga þeirra Ásgeirs Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar og var Eyjólfur Sverrisson ráðinn þjálfari liðsins í lok árs. Bjarni Jóhannsson mun aðstoða Eyjólf með þjálfun liðsins og Birkir Kristinsson mun aðstoða við þjálfun markvarða liðsins.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Undankeppni Evrópumóts U21 liða karla hélt áfram á árinu og lék liðið sex leiki undir stjórn Eyjólf Sverrissonar þjálfara, þrjá á útivelli og þrjá á heimavelli.

Fyrsti leikurinn var í mars gegn Króötum í Zagreb og tapaðist sá leikur naumlega 1-2. Íslenska liðið komst yfir undir lok fyrri hálfleiks, en Króatar jöfnuðu í uppbótartíma í fyrri hálfleik og skoruðu sigurmarkið þegar um tíu mínútur voru eftir af leiknum.

Næsti leikur liðsins var í júní á Víkingsvelli þegar Ungverjar komu í heimsókn og unnu þeir með einu marki gegn engu. Eina mark leiksins kom eftir um 10 mínútur.

Fjórum dögum síðar voru Maltverjar í heimsókn á KR-velli. Íslenska liðið náði ekki rjúfa varnarmúr Maltverja og varð niðurstaðan markalaust jafntefli.

Í byrjun september var leikið við Króata á KR-velli og unnu gestirnir 2-1 sigur. Fyrri mark króatíska liðsins kom eftir um hálf tíma leik og þeir bættu síðan við öðru marki í upphafi síðari hálfleiks, úr vítaspyrnu. Íslenska liðið minnkaði

muninn úr vítaspyrnu undir lok leiksins.

Næsti leikur var gegn Búlgörum í Sófíu. Einum færri náðu heimamenn forystunni þegar um tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik, en okkar piltar juku sóknarkraftinn í kjölfarið og uppskáru fljótlega tvö mörk. Þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma var íslenskur sigur tryggður með þriðja markinu.

Síðasti leikurinn í keppninni var gegn Svíum í Eskilstuna í október og vann Ísland glæsilegan 4-1 sigur. Tvö mörk skömmu fyrir hlé settu okkar lið í góða stöðu fyrir síðari hálfleikinn. Þegar um tíu mínútur voru til leiksloka bætti íslenska liðið við þriðja markinu. Svíar náðu að klóra í bakkann á lokamínútu leiksins, en þó reyndist nægur tími eftir fyrir Ísland til að bæta við fjórða markinu áður en yfir lauk.

EM 2006 – Lokastaðan

| Lið | Mörk | Stig |
|----------------|---------|------|
| 1 Króatía | 14 - 6 | 25 |
| 2 Ungverjaland | 12 - 7 | 19 |
| 3 Svíþjóð | 16 - 12 | 18 |
| 4 Ísland | 15 - 11 | 13 |
| 5 Búlgaría | 9 - 17 | 7 |
| 6 Malta | 3 - 16 | 5 |

Í byrjun janúar var Lúkas Kostic ráðinn þjálfari U21 liðs karla og mun hann jafnframt þjálfva U17 liðið, eins og hann hefur gert síðan 2003.

U19 LANDSLIÐ KARLA

Guðni Kjartansson stjórnaði U19 landsliði karla á árinu, eins og hann hefur gert frá 1992.

Leiknir voru tveir vináttuleikir gegn Svíum á Suðurnesjum í byrjun júní. Fyrri leikurinn var í Grindavík og vann íslenska liðið með tveimur mörkum gegn engu. Þeim síðari, í Sandgerði, lauk með 2-2 jafntefli. Í

byrjun september lék liðið vináttuleik gegn Hollendingum ytra og tapaði 0-1.

Leikið var í undankeppni EM í Sarajevó í byrjun október. Fyrsti leikurinn var gegn Búlgörum, sem unnu 1-0 sigur með marki úr vítaspyrnu. Einum leikmanni úr hvoru liði var vikið af leikvelli.

Næsti leikur var gegn Króötum og skoraði íslenska liðið eina mark fyrri hálfleiks. Króatar sóttu af miklum krafti og uppskáru tvö mörk með stuttu millibili, en íslenska liðið jafnaði metin þegar nokkrar mínútur voru til leiksloka. Króatar náðu að skora sigurmark á lokasekúndum leiksins og þar með var ljóst að íslenska liðið kæmist ekki áfram úr riðlinum.

Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum og vannst þar 2-0 sigur með mörkum undir lok leiksins. Einum leikmanni úr hvoru liðið var vísað af leikvelli.

Ísland hafnaði í 3. sæti riðilsins með 3 stig, en Bosníumenn höfnuðu í neðsta sæti, án stiga. Króatar og Búlgarar höfnuðu í tveimur efstu sætunum með 7 stig og komust því áfram í milliriðla.

KSÍ var boðið að senda U18 landslið á fjögurra liða mót í Svíþjóð í júlí. Fyrsti leikurinn var gegn Tyrkjum og vannst hann 3-1. Næsti leikur var gegn heimamönnum og þar vannst einnig sigur, nú 4-1. Lokaleikurinn í mótinu var gegn Norðmönnum. Íslenska liðið komst yfir í fyrri hálfleik, en Norðmenn skoruðu tvisvar í þeim síðari og tryggðu sér sigur í leiknum og mótinu. Þeir hlutu 7 stig, Ísland 6, Tyrkir 4 en Svíar ráku lestina án stiga.

Þess má geta að mótshaldarar völdu Bjarna Þór Viðarsson, fyrirliða íslenska liðsins, besta leikmann

mótsins. Bjarni hlaut að verðlaunum veglegan bikar.

U17 LANDSLIÐ KARLA

U17 landslið karla lék undir stjórn Lúkasar Kostic og tók annars vegar þátt í Opna Norðurlandamótinu, og undankeppni EM hins vegar.

Opna Norðurlandamótið fór að þessu sinni fram hér á landi í byrjun ágúst. Fyrsti leikurinn var gegn Dönum á KR-velli og unnu þeir dönsku öruggan 4-0 sigur. Fyrsta markið kom strax í byrjun leiksins og annað markið var sjálfsmark íslenska liðsins á lokamínútu fyrri hálfleiks. Danir gerðu síðan út um leikinn með tveimur mörkum í byrjun síðari hálfleiks.

Næsti leikur var gegn gestaliði Íra og var leikið í Keflavík. Írarnir náðu forystunni þegar um 10 mínútur voru til leiksloka og bættu síðan við öðru marki úr vítaspyrnu á lokamínútnni.

Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Norðmönnum á Kaplakrikavelli og biðu okkar menn þar lægri hlut, 0-1.

Írar urðu efstir í A riðli með 9 stig, Danir hlutu 6 stig, Norðmenn 3 og Ísland ekkert stig. Í B riðli urðu Englendingar efstir með 9 stig, Svíar hlutu 4 stig, Færeyingar 2 stig og Finnar eitt.

Í leikjum um sæti lögðu okkar menn Finna 4-2 í leik um 7. sætið á ÍR-velli. Danir lögðu Svía í vítaspyrnukeppni í leik um þriðja sætið og urðu þeir jafnframt Norðurlandameistarar þar sem Írar og Englendingar léku til úrslita og þar unnu Írar 2-0 sigur.

Okkar riðill í undankeppni EM fór fram í Andorra í september. Fyrsti leikur íslenska liðsins var gegn liði Andorra og vannst 6-0 sigur.

Annar leikurinn var gegn Svíum, sem leiddu í hálfleik með einu marki. Íslenska liðið jafnaði leikinn í byrjun síðari hálfleiks, Svíar skoruðu stuttu síðar, en Ísland jafnaði aftur og lauk leiknum 2-2.

Fyrir síðasta leikinn í riðlinum gegn Tékkum var ljóst að jafntefli myndi duga íslenska liðinu til að komast áfram. Ísland leiddi með einu marki í leikhléi, en Tékkar skoruðu tvö mörk með stuttu millibili um miðjan síðari hálfleik og skoruðu síðan aftur tvö mörk undir lok leiksins. Lokatölur urðu því 4-1, Tékkum í vil, sem tryggði þeim 2. sætið í riðlinum og þar með sæti í milliriðlum ásamt liði Svía.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 drengir, en úrtökumót þetta er haldið til að skoða drengi sem eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu 2006 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Í desember sl. hófst síðan undirbúningur fyrir úrtökumótið 2006, með því að boðaðir voru um 35 drengir á æfingar og aðrir 35-50 verða boðaðir í janúar og mars. Þessir drengir verða hlutgengir í U17 landsliðið 2007.

OPNA NORÐURLANDAMÓT U17 KARLA Á ÍSLANDI

Opna Norðurlandamótið fyrir U17 landslið karla fór fram hér á landi í ágúst, en leikið var á 15 völlum á suðvesturhorni landsins. Framkvæmd mótsins var til mikillar fyrirmyndar og þótti mótið takast vel í alla staði. Allar aðstæður voru eins og best verður á kosið og aðstaða keppenda jafnt sem forsvarsmanna var góð. Umfang mótsins var mikið og að mörgu þurfti að hyggja. Starf sjálfboðaliða við mót sem þetta er gríðarlega

mikilvægt og á allt það góða fólk sem kom að mótinu á einn eða annan hátt miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag.

FIFA SEKTAÐI KSÍ UM 760.000 KRÓNUR Á ÁRINU

FIFA sektaði KSÍ um 15.500 svissneska franka á árinu, eða um 760.000 krónur, vegna fjölda áminninga sem A landslið karla fékk í þremur leikjum í undankeppni HM 2006 síðastliðið haust. Íslenska liðið hlaut fjórar áminningar í leiknum gegn Króötum á Laugardalsvelli 3. september, fimm áminningar í Búlgaríu í Sofíu fjórum dögum síðar og fjórar áminningar gegn Svíum í Stokkhólmi 12. október.

NETSALAN GENGUR VEL

Netsala á leiki A landsliðs karla hefur náð að festa sig vel í sessi síðan fyrst var boðið upp á hana árið 2002 og selst nú stór hluti miða á stærri leiki í gegnum netsöluna á vefsíðum KSÍ og Esso. Þannig getur fólk tryggt sér miða á einstaklega hagstæðu verði, auk þess sem veittur er 50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Vel á fimmta tug Íslendinga eru í dag atvinnumenn með erlendum liðum og hefur þessi fjöldi haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Flestir leika á Englandi, en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum í Noregi, Danmörku, Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Svíþjóð, Skotlandi og Þýskalandi. Ungir leikmenn hafa í auknum mæli sótt á erlend mið á undanförunum árum.

Grétar Rafn Steinsson hélt frá ÍA í ársbyrjun 2005 til Sviss og gekk til liðs við Young Boys í efstu deild þar í landi. Grétar flutti sig síðan um set til Hollands og er nú á mála

hjá AZ Alkmaar, sem er í toppbaráttu í hollensku deildinni, og hefur staðið sig vel þar.

Haraldur Freyr Guðmundsson fór frá Keflavík til Álesund í norsku deildinni, festi sig þar í sessi í miðju varnar liðsins. Haraldur lék sína fyrstu A-landsleiki á árinu.

Í byrjun árs gekk Stefán Þór Þórðarson til liðs við sænska liðið Norrköping frá liði ÍA og festi sig fljótlega í sessi í byrjunarliðinu.

Fjölmargir ungir og efnilegir leikmenn hafa gengið til liðs við erlend félagslið á árinu og freistað gæfunnar. Björn Orri Hermannsson (Fylki) og Óskar Pétursson (Grindavík) gengu til liðs við Ipswich á Englandi, Björn Jónsson (ÍA) fór til Heerenveen í Hollandi, Eggert Gunnþór Jónsson (Fjarðabyggð) og Haraldur Björnsson (Val) gengu í raðir skoska liðsins Hearts, Gylfi Sigurðsson (Breiðabliki) fór til Reading, Marko Pavlov (Stjörnnuni) fluttist til Frakklands og leikur með Metz, og Rúrik Gíslason (HK) gekk til liðs við enska liðið Charlton.

LANDSLEIKJAÁFANGAR

Brynjar Björn Gunnarsson og Árni Gautur Arason náðu stórum áföngum í landsleikjafjölda á árinu þegar þeir léku sína 50. leiki, Brynjar náði áfanganum gegn Möltu í undankeppni HM, en Árni í leiknum gegn Svíum, lokaleiknum í sömu keppni. Indriði Sigurðsson lék sinn 30. leik og Kristján Finnbogason sinn 20. leik.

EIÐUR MEÐ AÐRA HÖNDINA Á MARKAMETINU

Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen er nú kominn með aðra höndina á markamet Ríkharðs Jónssonar sem gerði 17 mörk fyrir

landsliðið á sínum tíma. Eiður skoraði þrjú mörk fyrir landsliðið á árinu, er kominn með 16 mörk, og þarf því aðeins að skora eitt mark til að jafna Ríkharð.

BRÆÐURNIR LANDSLIÐSFYRIRLIÐAR

Bræðurnir Bjarni Þór og Davíð Þór Viðarssynir gegndu báðir stöðum landsliðsfyrirliða fyrir Íslands hönd á árinu. Davíð Þór var fyrirliði í þremur síðustu leikjum U21 liðsins í undankeppni EM og Bjarni Þór var fyrirliði U19 liðsins í þremur leikjum. Þá má geta þess að eldri bróðir þeirra, Arnar Þór Viðarsson, tók við fyrirliðabandinu í leiknum gegn Svíum í Stokkhólmi í undankeppni HM, þegar Brynjar Björn Gunnarsson fór af leikvelli, en hann bar fyrirliðabandið í upphafi leiks. Faðir bræðranna, Viðar Halldórsson, bar fyrirliðabandið í sex leikjum A-landsliðs Íslands, en hann lék með liðinu á árunum 1976-1983.

A LANDSLIÐ KVENNA

Á árinu hófst undankeppni HM 2007, en þar er Ísland í riðli með Svíum, Tékkum, Portúgölum og Hvít-Rússum. Sigurvegari riðilsins kemst í úrslitakeppni HM 2007 sem fram fer í Kína.

Undirbúningurinn fyrir HM, undir stjórn Jörundar Áka Sveinssonar þjálfara, hófst með vináttuleik við Skota ytra í maí. Íslenska liðið vann öruggan 2-0 sigur, en í þessum leik tók Ásthildur Helgadóttir aftur við fyrirliðabandinu eftir rúmlega eins árs fjarveru vegna erfiðra meiðsla. Í júlí var haldið yfir á vesturströnd Bandaríkjanna og leikið við heimamenn. Nokkra lykilmenn vantaði í liðið þar sem NM U21 landsliða fór fram á sama tíma. Frammistaðan var þó góð gegn gríðarsterku liði

Bandaríkjanna, sem vann leikinn með þremur mörkum gegn engu.

Fyrsti leikur ársins í HM var gegn Hvít-Rússum á Laugardalsvelli í ágúst og vannst öruggur 3-0 sigur.

Viku síðar lá leið íslenska liðsins til Svíþjóðar þar sem leikið var við heimamenn í Karlskoga, í beinni útsendingu á RÚV. Íslenska liðið lék frábærlega og einn þann besta leik sem liðið hefur leikið, ef ekki þann besta, og uppskar 2-2 jafntefli.

Síðasti leikur ársins var í september gegn Tékkum ytra og tapaðist hann með einu marki Tékkna gegn engu marki íslenska liðsins.

HM 2007 - Staðan

| Lið | Mörk | Stíg |
|------------------|--------|------|
| 1 Svíþjóð | 12 - 3 | 7 |
| 2 Tékkland | 5 - 1 | 7 |
| 3 Ísland | 5 - 3 | 4 |
| 4 Hvíta-Rússland | 1 - 10 | 1 |
| 5 Portúgal | 1 - 7 | 0 |

U21 LANDSLIÐ KVENNA

Elísabet Gunnarsdóttir var við stjórnvölinn hjá U21 liði kvenna á árinu, hennar fyrsta ár með liðið. Eina verkefnið á árinu var Opna Norðurlandamótið, sem fram fór í Svíþjóð að þessu sinni.

Fyrsti leikur liðsins tapaðist 0-4 gegn sterku liði Bandaríkjamanna, og komu öll mörkin í síðari hálfleik. Annar leikur liðsins var gegn Þýskalandi og tapaðist hann 1-4, þar sem þjóðverjar náðu forystu, en íslenska liðið jafnaði metin. Þýska liðið skoraði síðan þrjú mörk og tryggði sér sigurinn. Í þriðja leik liðsins kom síðan langþráður sigur, 4-2 gegn Dönum. Hvort lið um sig skoraði eitt mark í fyrri hálfleik, en íslenska liðið reyndist sterkara í þeim síðari og tókst að skora þrjú mörk gegn einu marki Dana. Leikið var gegn Finnum um 5. sæti og tapaðist sá leikur 1-4.

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 landslið kvenna, eins og hann hefur gert alveg frá árinu 1999. Ólafur hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, þeim fyrsta.

Undankeppni EM fór fram í byrjun október í Bosníu-Hersegóvínu og var Ísland í riðli með heima- mönnum, Georgíu og Rússlandi.

Fyrsti leikurinn var gegn Georgíu og vannst öruggur 7-0 stórsigur. Eins og tölurnar gefa til kynna var alger einstefna að marki Georgíumanna í leiknum og hefði sigurinn jafnvel getað verið stærri.

Annar leikur liðsins var gegn Bosníu-Hersegóvínu, og aftur vannst stórsigur. Í þetta sinn vann íslenska liðið með fimm mörkum gegn engu og því var ljóst að lokaleikurinn, gegn Evrópu-meisturum Rússa, yrði hreinn úrslitaleikur um efsta sætið í riðlinum.

Sá leikur tapaðist 1-5, enda rússneska liðið gríðarlega sterkt. Þessi árangur liðsins tryggði því þó áframhaldandi þátttöku í EM og leikur liðið í milliriðli í Rúmeníu í apríl.

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Erna Þorleifsdóttir tók við þjálfun U17 liðsins á árinu og að venju tók liðið þátt í Opna NM, sem fram fór í Noregi að þessu sinni.

Íslenska liðið tapaði stórt í fyrstu tveimur leikjum sínum, 0-3 gegn Dönum og 0-6 gegn Noregi. Allt annað var að sjá til liðsins í þriðja leiknum, gegn Frökkum, sem tapaðist þó 2-4. Ísland náði tvisvar forystunni í leiknum, en þær frönsku reyndust sterkari í síðari hálfleik og tryggðu sér sigur á

lokamínútunum. Ísland lék því við Finnland um 7. sætið og kom eina mark íslenska liðsins í seinni hálfleik í 1-3 tapi.

ERLA OG GUÐLAUG Í 50 LEIKJA KLÚBBINN

Erla Hendriksdóttir og Guðlaug Jónsdóttir náðu þeim áfanga á árinu að leika sína 50. A-landsleiki fyrir Íslands hönd. Einnig náði Guðrún Sóley Gunnarsdóttir þeim áfanga á árinu að leika sinn 25. leik fyrir liðið. Erla og Laufey Ólafsdóttir tilkynntu síðar að þær hefðu ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna og verður mikill sjónarsviptir að þessum öflugu og reynslumiklu leikmönnum.

AUGLÝSING A-KVENNA TILNEFND TIL VERÐLAUNA

Í byrjun árs var tilkynnt að auglýsing sem gerð var til að kynna leik A-landsliðs kvenna gegn Frökkum í undankeppni HM árið 2004, *La Resistance*, hafi þótt vera besta dagblaðaauglýsingin það ár og einnig þótti póstkort með sömu mynd vera besti markpósturinn. Það er ÍMARK sem stendur að samkeppninni á ári hverju í samstarfi við Samband íslenskra auglýsingastofa.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 94. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2005 og féll því um eitt sæti frá árinu á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. A-landslið kvenna var í 19. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, og féll því einnig um eitt sæti frá árinu á undan. FIFA hefur tilkynnt að útreikningum á styrkleikalistanum verði breytt og tekur sú breyting gildi strax að lokinni úrslitakeppni

HM 2006. Meðal breytinga má nefna að miðað verður við árangur landsliða síðustu fjögur árin í stað átta ára eins og gert hefur verið.

LANDSLEIKIR Á ÁRINU

Heildarfjöldi landsleikja á árinu var 47, sem er nokkru færri leikir en 2004, en svipað og síðustu ár þar á undan. Þar af voru 23 kvennaleikir. Landsleikjum karla hefur fjölgað síðustu ár, voru 31 á síðasta ári, samanborið við 29 árið 2004, 24 árið 2003 og 27 árið 2002. Landsleikjum kvenna fækkaði nokkuð milli ára, voru aðeins 16 á árinu miðað við 23 árið á undan. A og U19 landslið karla léku flesta leiki allra liða á árinu, eða 9.

HEIÐURSMERKI HINNAR ÍSLENSKU FÁLKAORÐU

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu og leikmaður Englandsmeistara Chelsea, var þann 17. júní 2005 sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Eiður Smári var í hópi 12 Íslendinga sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi heiðursmerki við athöfn á Bessastöðum. Eiður Smári hlaut riddarakross fyrir afrek á sviði knattspyrnuíþróttarinnar.

EIÐUR OG ÁSTHILDUR KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Eið Smára Guðjohnsen og Ásthildi Helgadóttur knattspyrnufólk ársins 2005. Tilkynnt var um valið í hófi á Hótel Nordica að viðstöddu fjölmenni, í beinni útsendingu á Sýn, Stöð 2 og NFS. Í Leikmannavali KSÍ eru aðallega fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni.

Eiður Smári varð síðastliðið vor fyrsti Íslendingurinn sem hampar enska meistaratitlinum, en það gerði hann með liði sínu, Chelsea. Markamet Ríkharðs Jónssonar með íslenska landsliðinu er innan seilingar Eiðs, sem lék á árinu 5 landsleiki og skoraði í þeim 3 mörk. Alls eru landsliðsmörk hans því orðin 16 í 39 landsleikjum. Eiður Smári Guðjohnsen er sannarlega glæsilegur fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

Ásthildur var á árinu einn af lykil-leikmönnum liðs Malmö í sænsku úrvalsdeildinni og þótti á meðal bestu leikmanna deildarinnar. Hún er ekki bara fyrirliði landsliðsins, heldur er hún bæði leikja- og markahæsti leikmaður kvennalandslíðs Íslands frá upphafi – hefur leikið alls 61 A-landsleik og skorað í þeim 20 mörk. Ásthildur Helgadóttir er án nokkurs vafa frábær fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Eiður Smári Guðjohnsen var kjörinn íþróttamaður ársins 2005 af Samtökum íþróttafréttamanna, sem stóðu nú að kjörinu í 50. sinn, og kusu Eið Smára þar með annað árið í röð. Knattspyrnufólk var mjög áberandi á lista efstu manna í ár, en af sjö efstu íþróttamönnum í kjörinu komu fimm úr knattspyrnunni - Eiður Smári, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Hermann Hreiðarsson og systurnar Þóra B. Helgadóttir og Ásthildur Helgadóttir.



EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

MEISTARAEILD UEFA

Íslandsmeistarar FH töpuðu fyrir Neftchi Baku frá Aserbajjan í 1. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar. Fyrri leik liðanna, sem fram fór í Baku, lauk með 2-0 sigri heimaliðsins. Heimamenn komust yfir með marki eftir aukaspyrnu í fyrri hálfleik og bættu öðru við á lokamínútu leiksins. Á Kaplakrikavelli höfðu gestirnir betur, 2-1, þrátt fyrir að vera einum leikmanni færri allan síðari hálfleikinn, og unnu því samanlagt 4-1. Miklar vonir höfðu verið bundnar við FH-liðið í keppninni, en Evrópuævintýrið var úti að þessu sinni.

UEFA-BIKARINN

Frammistaða Eyjamanna og Keflvíkinga í UEFA-bikarnum var ólík. Á meðan Keflvíkingar komust í 2. umferð forkeppinnar var lið ÍBV slegið út í 1. umferð forkeppinnar af færeysku liði.

Eyjamenn léku gegn færeyska liðinu B36 í 1. umferð forkeppinnar og mættust liðin fyrst á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Með 1-1 jafntefli úr heimaleiknum í farteskinu héldu Eyjamenn til Þórshafnar í Færeyjum og biðu þar lægri hlut, 1-2, auk þess sem tveimur leikmönnum ÍBV var vísað af leikvelli. Mun þetta vera fyrsti sigur færeysks félagsliðs í Evrópukeppni og í fyrsta skipti sem lið frá Færeyjum kemst áfram.

Keflvíkingar mættu Etzella frá Lúxemborg í 1. umferð forkeppinnar og unnu viðureignina samanlagt 6-0. Fyrri leiknum, í Lúxemborg, lauk með 4-0 sigri Keflvíkinga, sem létu tvö mörk duga í síðari leiknum, sem fram fór á Laugardalsvelli. Mótherjarnir í 2.

umferð forkeppninnar voru liðsmenn þýska liðsins Mainz, sem leikur í efstu deild þar í landi. Keflvíkingar börðust vel í báðum leikjum og áttu nokkra ágæta spretti, en Þjóðverjarnir reyndust of sterkir og unnu báða leikina með tveimur mörkum gegn engu, samanlagt 4-0.

INTERTOTO-KEPPNIN

Skagamenn léku í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni og mættu finnska liðinu Inter Turku. Fyrri leiknum, sem fram fór í Finnlandi, lauk með markalausum jafntefli og urðu því möguleikar ÍA að teljast góðir fyrir síðari leikinn. En Finnarnir unnu öruggan sigur á Akranesvelli, skorðu fjögur mörk gegn engu marki ÍA.

UEFA-BIKAR KVENNA

Árangur Vals í UEFA-bikar kvenna verður lengi í minnum hafður, enda í fyrsta skipti sem íslenskt félagslíð nær svo langt í Evrópukeppni. Leikið er í fjögurra liða riðlum í tveimur fyrstu umferðum keppninnar, en síðan tekur við 8-liða útsláttarkeppni.

Valsstúlkur höfnuðu í efsta sæti síns riðils í 1. umferð með fullt hús stiga. Sigur á gríðarsterku norsku liði Roa Idrettslag í fyrsta leik gaf tóninn og í kjölfarið unnust sigrar gegn FC United frá Finnlandi og Þärnu FC frá Eistlandi. Í 2. umferð var Valur í riðli með Djurgården/Älvsjö frá Svíþjóð, sem verið hefur með eitt sterkasta félagslíð í evrópskri kvennakkattspyrnu á undanförunum árum, serbneska liðinu ZFK Masinac-Classic Nis og Alma KTZH frá Kasakstan. Eftir naumt eins marks tap gegn Svíunum í fyrsta leik unnust öruggir sigrar í hinum leikjunum tveimur. Annað sæti riðilsins var tryggt og þar með sæti í 8-liða

úrslitum keppninnar ásamt nokkrum af sterkustu liðum álfunnar. Mótherjinn í 8-liða úrslitum var þýska stórlíð Potsdam. Skemmst er frá því að segja að þær þýsku sýndu Valsstúlkum enga miskunn, unnu 8-1 á Laugardalsvelli og 11-1 í Þýskalandi. Valsstúlkur geta þó borið höfuðið hátt því eins og segir hér að ofan hefur ekkert íslenskt félagslíð áður náð svona langt í keppninni.

•••••

MANNVIRKJAMÁL

UPPBYGGING KEPPNISVALLA

Aðalverkefni mannvirkjanefndar á árinu var vinna við rit um *Keppnisvelli í knattspyrnu og uppbyggingu þeirra*. Þetta verkefni var þáttur mannvirkjanefndar í starfi milliþinganeftdar KSÍ sem falið var að *“móta framtíðarstefnu í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrr á vorin”*. Nefndin skilaði af sér í árslok riti sem fjallar um stöðuna og hvernig standa skuli að uppbyggingu keppnisvalla á Íslandi í framtíðinni.

Helstu niðurstöður eru að keppnistímabilið verði ekki lengt án þess að bæta keppnisvöllina. Ef ætlunin er að lengja það og halda áfram að leika á grasi þá þarf að endurbyggja flesta velli og leggja í þá hita- og vökvunarkerfi. Með því móti mætti byrja Íslandsmótið í maíbyrjun og leika eitthvað lengur á haustin. Hinn kosturinn er að leggja þá gervigrasi sem uppfyllir FIFA tveggja stjörnu staðal. Slíkt mundi gefa mun meiri möguleika til lengingar bæði á vorin og haustin, eða eins og veðurfar er talið leyfa, en jafnframt yrði þó að bæta

flóðljósum við sem staðalútbúnaði á keppnisvelli.

STÓRBÆTT AÐSTAÐA IÐKENDA OG ÁHORFENDA

Aðstaða til æfinga og keppni yfir vetrartímam hefur batnað verulega á undanförunum árum og mun batna enn frekar á næstu árum með tilkomu fjölda gervigrasvalla og knattspyrnuhúsa um allt land. Nú þegar hafa risið fjögur knattspyrnuhús með keppnisvelli í fullri stærð (Egilshöll í Grafarvogi, Fífan í Kópavogi, Reykjaneshöll og Boginn á Akureyri) og ný hús með löglegum keppnisvelli munu rísa á Akranesi, Reyðarfirði og í Vatnsendahverfi í Kópavogi, en þar mun eiga sér stað mikil uppbygging á glæsilegri aðstöðu til æfinga og keppni og mun knattspyrnuhúsið uppfylla allar kröfur um aðstöðu til keppni í alþjóðlegum mótum, þ.m.t. aðstöðu fyrir áhorfendur. Í knattspyrnuhúsunum á Akranesi og á Reyðarfirði er einnig gert ráð fyrir áhorfendaaðstöðu.

Knatthús FH-inga í Kaplakrika var reist á árinu, en um er að ræða yfirbyggðan æfingavöll, sem getur einnig nýst til keppni í 7 manna bolta. Allar líkur eru á að fleiri slík hús verði byggð, enda er reynsla FH-inga af sínu húsi mjög góð. Undirbúningur að slíku húsi er þegar hafinn í Grindavík og umræður hafa átt sér stað víðar, t.a.m. í Vestmannaeyjum.

Gervigrasvöllum hefur fjölgað verulega og mun sú þróun halda áfram. Á dagskrá eru velli á félagssvæði Vals að Hlíðarenda, á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, á Selfossi, í Fagralundi í Kópavogi og í Neskaupstað.

Aðstaða áhorfenda á knattspyrnuvöllum hér á landi hefur löngum setið á hakanum, en með tilkomu leyfiskerfis KSÍ hefur sú aðstaða

batnað nokkuð og mun stórbatna innan fárra ára, þegar fleiri félög byggja alvöru áhorfenda- og fjölmiðlaaðstöðu við velli sína með fulltingi bæjarfélaga. Uppbygging stúku og framtíðaraðstöðu að Hlíðarenda er nú í fullum gangi og kynntar hafa verið teikningar að nýjum leikvangi í Reykjanesbæ, svo einhver dæmi séu tekin.

SPARKVALLAÁTAKIÐ

Sparkvallaáttak KSÍ er stærsta útbreiðsluáttak sem KSÍ hefur ráðist út í og hefur nú staðið í tvö ár. Byggðir hafa verið 64 sparkvellir víðs vegar um landið með stuðningi Alþingis, Eimskips, Olís, VÍS og KB-banka, sveitarfélaga og sjálfboðaliða. Stefnan hefur verið sett á að leggja 30-40 velli á þessu og næsta ári og ná þannig 100 völlum árið 2007. Fjöldi sparkvallanna veltur mikið á þeirri eftirspurn sem verður eftir þeim á næstu mánuðum. Sparkvellirnir eru staðsettir á skólalóðum til að reyna að ná einnig til barna sem eru að jafnaði ekki að æfa knattspyrnu hjá aðildarfélögunum.

NÝ REGLUGERÐ UEFA UM MANNVIRKI

Áfram var unnið að aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar mannvirki. Fyrir keppnistímabilið 2007 verður unnið eftir nýrri leyfishandbók og mun mannvirkjakafli þeirrar leyfishandbókar verða byggður nær eingöngu á nýrri mannvirkjareglugerð UEFA.

NORRÆNT ÞING MANNVIRKJANEFNDA

Þrír nefndarmenn sóttu norrænt þing mannvirkjanefnda sem var haldið í Vejle í september á vegum danska knattspyrnusambandsins.

Þingið var mjög fróðlegt og var meginviðfangsefni þess uppbygging keppnisvalla og leyfiskerfið, sem kom sér vel í ljósi þeirrar vinnu sem mannvirkjanefnd hafði með höndum um keppnisvelli á Íslandi. Árangur sparkvallaátaksins á Íslandi var kynntur og vakti mikla athygli.

•••••

FRÆÐSLUMÁL

ÞJÁLFAFARMENNTUN

Stór áfangi náðist í þjálfaramenntun KSÍ á starfsárinu sem er að líða því þann 8. nóvember var UEFA A umsókn KSÍ samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar UEFA. Mikil vinna hefur farið í að fá þessa umsókn samþykkt. Námskrá vegna UEFA A þurfti að gera frá grunni, en kennt er samkvæmt henni á KSÍ V, VI og VII námskeiðunum. Það er mikið fagnaðar efni að nú geta þjálfarar á Íslandi sótt námskeið KSÍ og náð sér í tvær þjálfaragráður sem eru viðurkenndar alls staðar í Evrópu. Það er jafnframt ánægjulegt að UEFA hefur veitt KSÍ þennan gæðastimpil á þjálfaranámskeið sambandsins. Þriðja gráðan er svo UEFA Pro þjálfaragráða, en KSÍ stefnir á samstarf við enska knattspyrnu-sambandið svo að íslenskir þjálfarar geti náð sér í þá gráðu í framtíðinni. Þess má geta að samkvæmt upplýsingum KSÍ hefur einn íslenskur þjálfari nú þegar UEFA-Pro gráðuna, en það er Teitur Þórðarson, þjálfari KR.

KÖNNUN Á MENNTUN ÞJÁLFAFA Á ÍSLANDI

Á starfsárinu voru birtar niðurstöður um menntun allra knattspyrnuþjálfara á Íslandi keppnis-

tímabilið 2004. Það voru Eyþór Guðnason, Kristinn Jóhannsson og Óskar Rúnarsson íþróttافرæðinemar sem stóðu að könnunni í samvinnu við Sigurð Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóra KSÍ.

Niðurstöður könnunarinnar leiddu meðal annars í ljós að 327 starfandi aðalþjálfarar þjálfu um 800 lið. Aldursbil þjálfara var frá 16 til 54 ára, meðalaldur var 32 ára og algengasti aldur þjálfara var 36 ára. 36,4% allra starfandi þjálfara á Íslandi keppnistímabilið 2004 voru a.m.k. með UEFA B þjálfaragráðu. Það er frábær árangur og fræðslu-nefnd KSÍ stefnir á að auka þetta hlutfall enn frekar með því að bjóða áfram upp á öflugt námskeiðahald.

Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar samþykkti stjórn KSÍ nýja reglugerð um menntun knattspyrnuþjálfara síðasta haust þar sem kröfur um menntun þjálfara í flestum flokkum og deildum voru auknar.

FRÆÐSLUVEFURINN Á NÝJUM KSI.IS

Í maí opnaði KSÍ nýja vefsíðu, sem inniheldur meðal annars endurbættan fræðsluvef sambandsins, en sá hluti ksi.is hefur vaxið hvað mest á undanförunum tveimur árum. Á fræðsluvefnum er að finna mikið magn af gagnlegum upplýsingum fyrir þjálfara og aðra áhugasama aðila um þjálfaramenntun, m.a. gríðarlega stórt og mikið æfingarsafn og allt kennsluefni af þjálfaranámskeiðum KSÍ.

NÁMSKEIÐAHALD

Mjög góð þátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ, eins og undanfarin ár. Haldin voru 11 þjálfaranámskeið og á þau mættu 335 þjálfarar. Aðeins á árinu 2004 voru haldin fleiri þjálfaranámskeið á

vegum KSÍ og er þetta því annað stærsta árið frá upphafi. Flest námskeiðin voru haldin í Reykjavík og Keflavík, en einnig voru haldin tvö þjálfaranámskeið á Akureyri. Stefnt er á að halda þjálfaranámskeið á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum á næstunni, en með því verður reynt að ná til enn fleiri þjálfara.

Útlit fyrir að næsta starfsár verði það annasamasta í þjálfaramenntun í sögu KSÍ. Lögð verður áhersla á að bjóða E-stigs þjálfurum (sem luku öllum námskeiðum í eldra menntunarkerfi KSÍ) upp á UEFA A þjálfaragráðuna. Boðið verður upp á öll 7 stigin (sum oftast en einu sinni) og þjálfaranámskeið á landsbyggðinni ásamt sérnámskeiði fyrir E-stigs þjálfara. Þá verður einnig undirbúinn farvegur fyrir þjálfara á Íslandi til að ná sér í UEFA Pro þjálfaragráðu.

ERLEND SAMSKIPTI

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur um fræðslumál og þjálfaramenntun á árinu. Guðni Kjartansson var fulltrúi KSÍ á 15. ráðstefnu UEFA um þjálfaramenntun sem var haldin í Hollandi. Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri var fulltrúi KSÍ á 6. ráðstefnu UEFA fyrir fræðslustjóra í Dublin. Sigurður Ragnar og Ingibjörg Hinriksdóttir voru fulltrúar KSÍ á Norðurlandaráðstefnu um þjálfaramenntun sem var haldin í Osló. Halldór Örn Þorsteinsson var fulltrúi KSÍ á norrænni ráðstefnu um barna- og unglingsíþróttir sem var haldin í Álandseyjum, og hann sótti einnig Norðurlandaráðstefnu um grasrótarknattspyrnu sem var haldin í Helsinki.

KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að

Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 12. - 16. júní og sóttu hann 26 stúlkur. Erna Þorleifsdóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar var Guðrún Inga Sívertsen. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 20. - 24. júní og sóttu hann samtals 43 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

ÚTBREIÐSLUÁÆTLUN

Útbreiðslunefnd KSÍ gerði drög að útbreiðsluáætlun á starfsárinu. Hlutverk nýrrar útbreiðslunefndar verður að fylgja þessari áætlun eftir og reyna að fjölga iðkendum í samráði við aðildarfélögin. Árið 2004 var 18.081 skráður iðkandi í knattspyrnu (5.278 konur og 12.803 karlar). Útbreiðslunefndin hefur sett sér það markmið að árið 2007 verði 20.000 skráðir iðkendur í knattspyrnu.

Lúkas Kostic hefur verið ráðinn til útbreiðslustarfa hjá KSÍ, en hann þjálfar einnig U17 og U21 landslið karla. Lúkas mun ferðast um landið og reyna að efla starf aðildarfélaganna á ýmsan hátt, en megináherslan verður lögð á að auka gæði þjálfunar hjá félögunum.

ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Íslandsleikar Special Olympics innanhúss voru haldnir í apríl í knattspyrnuhúsinu Risanum í Kaplakrika. Þetta var í 5. sinn sem Íslandsleikarnir eru haldnir, en þeir hafa áður verið haldnir í Laugar- dalshöll, Reykjaneshöll, íþróttahúsinu á Selfossi og í Boganum á Akureyri.

Íslandsleikar þessir eru samstarfs- verkefni Íþróttasambands fatlaðra

og KSÍ og eru liður í árlegri knattspyrnuviku Special Olympics og UEFA. Aðaltilgangurinn með knattspyrnuviku er að auka fjölda þeirra þroskaheftu einstaklinga í Evrópu sem leggja stund á knattspyrnu. Íslandsleikar utanhúss voru síðan haldnir á Selfossi í september. Þetta voru fjórðu leikarnir sem haldnir eru utanhúss, en áður hafa verið haldnir Íslandsleikar utanhúss á Akureyri, Akranesi og í Hafnarfirði.

VIÐURKENNING FYRIR GRASRÓTARSTARF

ÍBV hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2005 - Shellmót ÍBV, en Shellmótið hefur um árabil verið haldið í Eyjum með miklum glæsibrag.

Íþróttasamband fatlaðra fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötludum vegna Íslandsleika í knattspyrnu.

Önnur félög sem hlutu verðlaun fyrir ýmis konar vel unnin grasrótastörf voru Hörður Patreksfirði, Umf Tálknafjarðar, Þróttur Vogum, Fylkir, ÍA, Breiðablik, FH, Fjölnir, Hvöt, Snörtur og Leiknir Fáskrúðs- firði.

ÞÝSKUBÍLLINN

KSÍ kom að átaki "Þýskubílsins" sem ók hringveginn og heimsótti íþróttafélög og skóla. Markmið verkefnisins var að kynna þýska tungu fyrir íslenskum börnum og bjóða upp á örnámskeið í "fótbolta- þýsku", þ.e. helstu hugtökum í knattspyrnu á þýsku. Auk þess var úrslitakeppni HM 2006 í Þýskalandi kynnt. Nokkuð var um heimsóknir landsliðsþjálfara og leikmanna í skóla, knattspyrnskóla og til aðildarfélaga á árinu. Reynt var að nota tækifærið til að hvetja börn til knattspyrnuíðkunar.

BARNAPORPIÐ Í BROVARY Í ÚKRAÍNU

Greint var frá því á árinu að barnaporpið í Brovary í Úkraínu, sem SOS-barnaporpin á Íslandi og KSÍ hafa meðal annars sameinast um að safna fé fyrir, verði það fyrsta í landinu. Byggingin er um það bil að hefjast og mun að vonum verða lokið 2006. Eftir fall Sovétríkjanna hafa SOS-barnaporpin einbeitt sér að uppbyggingu í Austur-Evrópu og Mið-Asíu. Samtökin gera allt sem hægt er til að bæta lífsskilyrði munaðarleysingja sem skipta þúsundum.

•••••

ANNAD

EGGERT ÁFRAM Í FRAMKVÆMDASTJÓRN UEFA

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, situr áfram í framkvæmdastjórn UEFA, en næst verður kosið í sjórnina árið 2007.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, situr í vallar- og öryggisnefnd UEFA (mannvirkjanefnd) og Ellert B. Schram er sérstakur eftirlitsmaður UEFA í leikjum á vegum sambandsins. Auk þess sinna þau Guðmundur Pétursson, Klara Bjartmarz, Ingi Jónsson og Sigurður Hannesson eftirlitsstörfum fyrir UEFA.

GLÆSILEGUR NÝR VEFUR KSÍ FORMLEGA OPNAÐUR

Nýr og endurbættur vefur KSÍ - ksi.is, var opnaður með formlegum hætt í maí á blaðamannafundi sem haldinn var í höfuðstöðvum Skýrr. Segja má að vefurinn hafi verið unninn í samvinnu KSÍ, Skýrr og Hugsmiðjunnar. Samstarf KSÍ og

Skýrr hefur nú staðið í nokkur ár og lýtur m.a. að umsjón og viðhaldi á mótakerfi KSÍ og vef. Þegar sú ákvörðun var tekin að ráðast í smíði á nýjum vef KSÍ voru ýmsar leiðir skoðaðar og verðhugmynda leitað frá ýmsum aðilum, en á endanum var ákveðið að auka enn samstarfið við Skýrr, með því að fela fyrirtækinu tæknivinnu við nýja vefinn. Skýrr lagði í framhaldinu til að vefurinn yrði smíðaður í vefumsjónarkerfinu Eplica frá Hugsmiðjunni ehf. Í hönd fór mikil vinna við hönnun og smíði vefsins, sem lauk með því að hann var formlega opnaður í maí á síðasta ári, eins og greint er frá hér að ofan.

Nýi vefurinn hlaut strax góðar viðtökur notenda og síðastliðið haust var ksi.is svo tilnefndur ásamt fjórum öðrum vefsíðum til *Íslensku vefverðlaunanna*, í flokknum "*Besti íslenski vefurinn*", sem verður að teljast frábær viðurkenning á því mikla starfi sem unnið hafði verið við vefinn.

Vefur KSÍ hefur fest sig í sessi á topp 20 meðal íslenskra vefsíðna. Eins og gefur að skilja er umferð um vefinn þýngst yfir sumartímam og fara heimsóknir þá vel á annað hundrað þúsund í hverjum mánuði.

Á vef KSÍ er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist. Að auki er nú hægt að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stödu- taflna, og unnið er að því að færa

úrslit allra leikja í mótum meistara- flokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að ksi.is. Með því móti er þjónusta við knattspyrnuáhugafólk aukin verulega, þar sem úrslit úr öllum leikjum og staða í öllum flokkum á vegum KSÍ uppfærast mun hraðar. Þetta hefur gengið vel í flestum tilfellum, en sums staðar þurfa félögin að taka sig verulega á. Með skráningu á vefinn er þjónusta við félagsmenn aukin verulega og afar mikilvægt er að félögin geri sér grein fyrir þessu.

GÆÐAVOTTUN UEFA Á LEYFISKERFI KSÍ STAÐFEST

Gæðavottun UEFA á leyfiskerfi KSÍ var staðfest á árinu, en gæðamatið er framkvæmt á ári hverju af SGS, sem er sjálfstætt, alþjóðlegt vottunarfyrirtæki og sá um vinnu við gæðavottun leyfiskerfa í öllum aðildarlöndum UEFA. Skoðað er sérstaklega skipulag kerfisins, vinnubrögð og það starf sem unnið er við rekstur þess. Leyfiskerfi KSÍ er nú á sínu fjórða ári og greinileg framför hefur verið á ýmsum þáttum hjá félögunum.

Ný leyfishandbók verður tekin í notkun hér á landi fyrir keppnis- tímabilið 2007 og er vinna við hana þegar hafin.

Vinna við leyfiskerfið gerir ekki aðeins auknar kröfur til KSÍ, heldur hafa kröfur aukist til muna um fagleg og skipulögð vinnubrögð innan félaganna. Til að aðstoða félögin enn frekar vegna vinnu við undirbúning leyfisumsókna greiðir KSÍ hverju félagi 250.000 kr.

Leyfisráð KSÍ samþykkti á fundi sínum í mars leyfisumsóknir allra

þeirra 10 félaga sem unnið höfðu sér rétt til að leika í deildinni. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfis-handbók KSÍ. Í handbókinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst fjármálum.

Félögin uppfylltu allar A- og B-forsendur, en sum félög sóttu þó um frest til aðlögunar vegna væntanlegra mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur. Öll félögin í deildinni hafa fengið staðfestingu frá sínu bæjarfélagi um að úrbætur verði gerðar á aðstöðu áhorfenda á næstu árum, í flestum tilfellum fyrir keppnistímabilið 2007. Þess ber að geta að KSÍ styrkir allt að 4 verkefni á ári hverju næstu árin um að hámarki 5 milljónir króna. KR hlaut styrk vegna endurbóta á áhorfendastúku við KR-völl og hefur félagið nú uppfyllt skilyrði um 1.500 sæti, skv. leyfiskerfi KSÍ.

Menntun þjálfara yngri flokka var ekki fullnægjandi hjá sumum félaganna og fengu þau því viðvörun. Menntun þjálfara yngri flokka er svokölluð C-forsenda sem kemur ekki í veg fyrir að leyfi sé veitt, sé hún ekki uppfyllt. Greinilegt er þó að mikil vakning hefur átt sér stað í menntun þjálfara hjá félögunum.

Með leyfisumsókn fyrir 2005 þurfti að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn eða vegna félagaskipta. Staðfestingar á þessu bærust frá öllum félögunum. Einnig þurftu félögin að útbúa svokölluð *fjárhagsleg leyfisgögn*, sem voru síðan skoðuð af Deloitte og skýrsla gefin um niðurstöður.

Tveggja vikna töf varð á leyfisferlinu vegna erfiðleika nokkurra félaga með skil á gögnum og vegna óháðrar skoðunar Deloitte á leyfisgögnum félaga.

Nokkur félög voru áminnt þar sem skiladagsetningar leyfisgagna voru ekki virtar og Valur hlaut 50.000 kr. sekt vegna slægra vinnubragða við skil á gögnum til leyfisstjóra.

AUKNING IÐKENDA Í KNATTSPYRNU

Skáðum iðkendum í knattspyrnu fjölgar stöðugt milli ára samkvæmt tölum frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands og eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ af öllum sérsamböndunum. Iðkendur í knattspyrnu voru rúmlega 18.000 árið 2004 og hafði fjölgað um 500 manns milli ára. Til samanburðar má nefna þær greinar sem næstar koma, golf með tæplega 14.000 iðkendur og hestaíþróttir með um 8.600 iðkendur.

RÖNG LEIKSKÝRSLA

Í tvígang úrskurðaði stjórn KSÍ þjálfara í meistaraflokki karla í þriggja mánaða leikbann fyrir þær sakir að nota ólöglegan leikmann án þess að nafn hans kæmi fram á leikskýrslu. Í báðum tilfellum var annað nafn skráð á skýrsluna. Um var að ræða þjálfara liðs Leifturs/Dalvíkur og aðstoðarþjálfara liðs Afríku.

KÆRUMÁL

Alls komu upp 9 kærur á árinu. Eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

Leiftur/Dalvík kærði úrskurð stjórnar KSÍ vegna leiks Leifturs/

Dalvíkur og Fjarðabyggðar í deildarbikar karla. Stjórnin hafði úrskurðað þjálfara L/D í leikbann og dæmt félagið til sektar þar sem talið var að ólöglegur leikmaður hefði vísvitandi verið notaður í leiknum. L/D kærði úrskurðinn til dómstóls KSÍ, sem felldi hann úr gildi. Stjórn KSÍ áfrýjaði dómnum og úrskurðaði áfrýjunardómstóllinn að úrskurður stjórnar KSÍ skyldi standa.

Víkingur R. kærði Val vegna leiks í Reykjavíkurmóti 3. flokks kvenna, þar sem Víkingur taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfur Víkings og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Augnablik kærði Afríku vegna leiks í VISA-bikar karla, þar sem Augnablik taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Augnabliks og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Afríku gert að greiða sekt.

Fram kærði Grindavík vegna leiks í U23 keppni karla, þar sem Fram taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Framara og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Grindavík gert að greiða sekt.

Tindastóll kærði Aftureldingu vegna leiks í 2. deild karla, þar sem Tindastóll taldi að leikmaður Aftureldingar, sem var í leikbanni, hafi rofið leikbannið með því að vera skráður í liðsstjórn. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfur Tindastóls og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Fjölnir kærði Val vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks karla, þar sem Fjölnir taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Fjölnis og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í

leiknum, auk þesssem Val var gert að greiða sekt. Valur áfrýjaði dómnum, og úrskurðaði áfrýjunar-dómstóllinn að fyrri dómur skyldi felldur úr gildi og að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Fylkir kærði Breiðablik vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks kvenna, þar sem Fylkir taldi andstæðinga sína hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Fylkis og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum.

ÍR kærði Leiftur/Dalvík vegna leiks í 2. deild karla, þar sem ÍR taldi andstæðinga sína hafa teflt fram þjálfara í leikbanni. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur ÍR-inga og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Fylkir kærði Fram vegna leiks í Íslandsmóti B-liða 3. flokks karla, þar sem Fylkir taldi andstæðinga sína hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Fylkis og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum.

SAMSTARFSADILAR KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands á mikið og gott samstarf við mörg fyrirtæki sem starfa á ólíkum vettvangi. Opinberir samstarfsaðilar KSÍ á árinu voru: Errea, Hekla, Icelandair, Íslenskar getraunir, KB-banki, Mastercard, Olúfélagið (Esso), Skýrr, Sýn, Tryggingamiðstöðin og Vífilfell (Coca-Cola). Þá átti KSÍ samstarf við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Leppin sport, Icelandair-hotels og fleiri þjónustufyrirtæki. Íslandspóstur er síðan sérstakur samstarfsaðili KSÍ vegna A landsliðs kvenna.

•••••

FJÁRMÁL

FJÁRMAGN FRÁ UEFA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

UEFA ákvað á síðasta ári, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeildinni 2004/2005 skyldi renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglunga hjá þessum félögum.

Stjórn KSÍ ákvað að þessa greiðslu vegna Meistaradeildar UEFA 2004/2005 hlytu félög í efstu deild karla 2003 - alls 10 félög (þar sem ekkert íslenskt félag lék í Meistaradeildinni), og hlaut hvert þeirra jafnan hlut, eða rúmlega 1,3 mkr. Félögin eru KR, FH, ÍA, Fylkir, ÍBV, Grindavík, Fram, KA, Þróttur og Valur. Öll þessi félög eru með uppeldisáætlun sem stenst kröfur leyfiskerfis KSÍ. Félögin í efstu deild karla 2004 hljóta síðan greiðslu til barna- og unglungastarfs frá UEFA eftir sömu reglum haustið 2006, o.s.frv. Samkvæmt leiðbeiningum UEFA setti KSÍ ákveðnar kvaðir á þau aðildarfélög sín sem hljóta þessa greiðslu. UEFA setur m.a. þau skilyrði að félagið hafi samþykkt áætlun um uppeldisstarf sem uppfyllir lágmarksskilyrði leyfiskerfis KSÍ og að greiðslan skuli renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglungastarfi sínu t.d. með námskeiðum eða knattspyrnskólum. Dæmi um kostnaðarliði í þessu starfi eru laun þjálfara, ferðakostnaður vegna þátttöku í keppni, aðstöðuleiga, kaup á tækjum og áhöldum.

110 MILLJÓNIR KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

KSÍ sjálft fékk alls 71,8 milljónir króna frá UEFA og FIFA á árinu, en íslensk félagslið fengu 37,8 m.kr. frá UEFA. Þessi fjárhagslegi stuðningur er gríðarlega mikilvægur fyrir íslenska knattspyrnu.

11 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA KSÍ

Stjórn KSÍ ákvað í janúar 2006 að greiða tæpar 11 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ, sem gjaldfærast á starfsárið 2005. Þetta er 5. árið í röð sem aðildarfélög KSÍ njóta slíks framlags. Alls fékk 61 aðildarfélag KSÍ sem sendi lið til keppni í mótum á vegum KSÍ í yngri aldursflokki utanhúss 2005 framlag frá sambandinu. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokki beggja kynja fengu 200 þúsund kr. hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokki annars kynsins fengu 125 þúsund kr. hvert. Þá fengu félög sem voru aðilar að einu samvinnufélagi (skástriksfélagi) 62.500 kr. hvert. Þannig fengu 47 félög 200 þúsund kr., 7 félög 125 þúsund kr. og 7 félög 62.500 kr., alls 10.712.500 kr.

17 MILLJÓNIR KRÓNA Í VERÐLAUNAFÉ

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 17 milljónir króna í verðlaunafé fyrir árangur í Landsbankadeild og VISA-bikar. Auk þess fengu félögin í Landsbankadeild karla sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi.

Landsbankadeild karla

| Sæti | Félag | Upphæð |
|------|-----------|-----------|
| 1 | FH | 1.000.000 |
| 2 | Valur | 700.000 |
| 3 | ÍA | 500.000 |
| 4 | Keflavík | 300.000 |
| 5 | Fylkir | 300.000 |
| 6 | KR | 300.000 |
| 7 | Grindavík | 300.000 |
| 8 | ÍBV | 300.000 |
| 9 | Fram | 200.000 |
| 10 | Þróttur | 200.000 |

Landsbankadeild kvenna

| Sæti | Félag | Upphæð |
|------|------------|-----------|
| 1 | Breiðablik | 1.000.000 |
| 2 | Valur | 700.000 |
| 3 | ÍBV | 500.000 |
| 4 | KR | 300.000 |
| 5 | Keflavík | 300.000 |
| 6 | Stjarnan | 300.000 |
| 7 | FH | 300.000 |
| 8 | ÍA | 200.000 |

VISA-bikar karla

| Sæti | Félag | Upphæð |
|------|-------------|-----------|
| 1 | Valur | 1.500.000 |
| 2 | Fram | 1.000.000 |
| 3-4 | FH | 800.000 |
| 3-4 | Fylkir | 800.000 |
| 5-8 | HK | 500.000 |
| 5-8 | ÍA | 500.000 |
| 5-8 | ÍBV | 500.000 |
| 5-8 | KR | 500.000 |
| 9-16 | Breiðablik | 300.000 |
| 9-16 | Grindavík | 300.000 |
| 9-16 | Haukar | 300.000 |
| 9-16 | KA | 300.000 |
| 9-16 | Keflavík | 300.000 |
| 9-16 | Njarðvík | 300.000 |
| 9-16 | Víkingur R. | 300.000 |
| 9-16 | Þór | 300.000 |

VISA-bikar kvenna

| Sæti | Félag | Upphæð |
|------|------------|---------|
| 1 | Breiðablik | 300.000 |
| 2 | KR | 150.000 |
| 3-4 | Fjölnir | 100.000 |
| 3-4 | Valur | 100.000 |

TRAUSTUR REKSTUR

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2005 voru 462,2 milljónir króna og heildargjöld voru 435,2 milljónir. Hagnaður varð því 27 m.kr. Í ljósi þess ákvað stjórn KSÍ að greiða sérstakt framlag til aðildarfélaga af hagnaði, alls 10,7 m.kr. Niðurstaða ársins varð því jákvæð sem nam 16,3 m.kr.

Rekstraráætlun KSÍ samstæðunnar 2005 gerði ráð fyrir heildartekjum upp á 437,7 milljónir kr. en heildargjöldum upp á 433,6 milljónir. Heildargjöld samstæðunnar voru því samkvæmt áætlun, en heildartekjur voru nokkuð umfram áætlun, sem skýrist af miklum fjármunatekjum.

Rekstur KSÍ samstæðunnar stendur sem fyrr á traustum fótum. Eigið fé hennar hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár og var í árslok 2005 197,4 milljónir króna.

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur 2005

Efnisyfirlit

Knattspyrnusamband Íslands:

| | |
|-----------------------------|---------|
| Áritun endurskoðenda..... | Bls. 27 |
| Áritun stjórnenda KSÍ..... | 28 |
| Rekstrarreikningur..... | 29 |
| Efnahagsreikningur..... | 30 |
| Yfirlit um sjóðstreymi..... | 31 |
| Skýringar..... | 32-38 |
| Sundurliðanir..... | 39 |

